SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA

# ÁRSSKÝRSLA 2007



# EFNISYFIRLIT

**Inngangur** ........ **4**
**Skipurit SSNV í janúar 2007** ........ **6**
**Stjórn og varastjórn SSNV** ........ **7**
**Starfsmenn SSNV** ........ **8**
- HVAMMSTANGI ........ 8
- SIGLUFJÖRÐUR ........ 8
- SAUÐÁRKRÓKUR ........ 9
- BLÖNDUÓS ........ 9

**Skýrsla framkvæmdastjóra SSNV** ........ **10**
**Rekstraráætlun 2008** ........ **21**
**Ársreikningar 2007** ........ **21**
- Fjárhagsáætlun 2008 ........ 22

**Greinargerð – Fjárhagsáætlun 2008** ........ **23**
**SSNV / málefni fatlaðra** ........ **53**
- SKÝRSLA VERKEFNISSTJÓRA 2007 ........ 54
- Hlutverk og markmið ........ 54
- Starfssvæði ........ 54
- Verkefnisstjóri ........ 55
- Þjónustuhópur ........ 55
- Félagsmálastjórar ........ 55
- Skýrsla verkefnisstjóra ........ 56
- Þjónustusvæði - verkefni ........ 58
- Helstu verkefni ........ 60

**Starfsskýrsla HNV 2007** ........ **75**
**Ársskýrsla og ársreikningur Menningarráðs Norðurlands vestra 2007** ........ **93**
- Yfirlit um starfsárið 2007 ........ 93
- Styrkir Menningarráðs Norðurlands vestra ........ 96
- Fylgiskjöl ........ 102

## Inngangur

Árið 2007 var 15. starfsár Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Samtökin voru stofnuð í kjölfar ákvörðunar um að leggja niður Fjórðungssamband Norðlendinga og í framhaldinu stofnuð tvenn landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi. Hitt var Eyþing, Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Á þeim tíma töldu menn sameiginlegum hagsmunum samstarfi sveitarfélaganna betur komið innan þáverandi kjördæmamarka. Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfsemi SSNV á starfstíma þeirra. Við stofnun samtakanna voru 30 sveitarfélög á Norðurlandi vestra með aðild að SSNV. Í dag eru þau átta og margt bendir til að þeim muni enn fækka á komandi árum, bæði vegna mögulegra sameininga sveitarfélaga og eins hefur sveitarfélagið Fjallabyggð haft áformu um að ganga úr samtökunum eftir opnun Héðinsfjarðarganga.

Fækkun sveitarfélaganna hefur haft í för með sér töluverðar breytingar á hlutverki og daglegri starfsemi samtakanna og í dag eru umsvifamiklir málaflokkar reknir undir hatti samtakanna s.s málefni fatlaðra og atvinnuþróun ásamt þjónustu við önnur samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra. Eðlilegt er að slík starfsemi sé stöðugt til endurskoðunar með gagnrýnum hætti með það að markmiði að bæta og þróa þjónustuna þannig að nýting fjármuna verði sem best. Mikilvægt er þó að um starfsemina sé fjallað af virðingu og hún njóti sannmælis því óvönduð umfjöllun í ræðu og riti getur skapað neikvætt andrúmsloft og óöryggi sem dregur úr slagkrafti starfseminnar jafnt innávið sem útávið. Sömu lögmál gilda um starfsemi samstarfs sveitarfélaga og fyrirtækja á einkamarkaði þ.e að starfsemin verður aldrei betri, verri, meiri eða minni en eigendurnir, sveitarfélögin vilja að hún sé.

Atvinnumál eru án efa stærsta byggðamál fyrir svæði eins og Norðurland vestra. Hagtölur er mæla hagvöxt og íbúaþróun hafa undanfarin ár þróast á neikvæðan hátt. Ástæður fyrir þeirri þróun má að stærstum hluta rekja til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í frumframleiðslugreinunum sem hvað fyrirferðamestar eru í atvinnulífi á Norðurlandi vestra, það er, sjávarútvegi og landbúnaði, en tækniframfarir og lagalegt umhverfi þessara greina hafa leitt af sér fækkun starfa og fólksflutninga úr dreifbýli í þéttbýli. Þessi þróun er ekki einskorðuð við Norðurland vestra heldur hefur þessi þróun átt sér stað um allan heim þar sem vinnuaflið hefur færst úr frumframleiðslugreinum yfir í þekkingar- og þjónustugreinar. Samfélög framtíðarinnar munu því verða drifin áfram af þekkingarleit og sköpun.



Á Hveravöllum.

Vísir að þessari þróun er þegar kominn fram á Norðurlandi vestra. Vöxtur hefur verið í kring um Háskólann á Hólum og eins hafa smærri sprotafyrirtæki á sviði rannsókna verið sett á laggirnar víðsvegar um svæðið. Einnig hefur verið uppgangur í ferðaþjónustu. Það er á engan hallað þegar því er haldið fram að Norðurland vestra sé umfram annað matvælaframleiðslusvæði á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Sóknarfæri til framtíðar gætu því legið í samspili hefðbundinnar matvælaframleiðslu sem hagnýtt væri á nýjan og áður ónýttan hátt í tengslum við ferðaþjónustu eða rannsóknarstarf.

Á þessu sviði hefur Norðurland vestra mikil tækifæri þar sem klasasamstarf þessara aðila er áhugaverður kostur sem stefna skal að. Þá er nýting svæðisbundinna náttúruauðlinda s.s. á sviði orku mikilvægur þáttur í eflingu atvinnu og byggða en ákveðin hugarfarsbreyting virðist vera að eiga sér stað varðandi nýtingu þeirrar svæðisbundnu orku sem beisluð er í heimabyggð. Í þessu sambandi má benda á orku Blönduvirkjunar í tengslum við umræðuna um uppbyggingu netþjónabúa hér á landi.

*Jón Óskar Pétursson.*

# Skipurit SSNV í janúar 2007




**Stjórn**: 5 fulltrúar, kjörnir á ársþingi SSNV.
**Framkvæmdastjóri**: Heyrir beint undir stjórn SSNV og ber ábyrgð á starfseminni.
**Málefni fatlaðra**: Einn verkefnisstjóri og þjónustuhópur um málefni fatlaðra.
**Heilbrigðiseftirlit**: Með sjálfstæða heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúa samkvæmt lögum og reglugerðum.
**ANVEST**: Atvinnuráðgjafar sem heyra undir framkvæmdastjóra SSNV og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélag.
**Framtíðarsamstarfsverkefni**: Gert er ráð fyrir auknum umsvifum SSNV á starfssvæðinu eftir nánari ákvörðun ársþings.

# Stjórn og varastjórn SSNV

    

## Stjórn

| | |
|---|---|
| Adolf H. Berndsen | Skagaströnd *formaður* |
| Guðný Helga Björnsdóttir | Húnaþingi vestra *varaformaður* |
| Gunnar Bragi Sveinsson | Skagafirði |
| Páll Dagbjartsson | Skagafirði |
| Hermann Einarsson | Fjallabyggð |

## Varastjórn

| | |
|---|---|
| Rafn Sigurbjörnsson | Skagabyggð |
| Elín R. Líndal | Húnaþingi vestra |
| Sigurður Árnason | Skagafirði |
| Sigríður Björnsdóttir | Skagafirði |
| Guðmundur Skarphéðinsson | Fjallabyggð |

# Starfsmenn SSNV

## HVAMMSTANGI

### Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri



| | |
|---|---|
| Aðsetur: | Skrifstofur SSNV |
| Póstfang: | Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga |
| Sími: | 455 2510 |
| Handsími: | 861 7263 |
| Netfang: | jon@ssnv.is |

### Katharina Ruppel, skrifstofa og bókhald



| | |
|---|---|
| Aðsetur: | Skrifstofur SSNV |
| Póstfang: | Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga |
| Sími: | 455 2522 |
| Netfang: | katharina@ssnv.is |

### Gudrun Kloes, atvinnuráðgjafi



| | |
|---|---|
| Aðsetur: | Skrifstofur SSNV |
| Póstfang: | Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga |
| Sími: | 455 2515 |
| Handsími: | 898 5154 |
| Netfang: | gudrun@ssnv.is |

## SIGLUFJÖRÐUR

### Ómar Hauksson, atvinnuráðgjafi



| | |
|---|---|
| Aðsetur: | Bæjarskrifstofa Siglufjarðar |
| Póstfang: | Gránugötu 54, 580 Siglufirði |
| Sími: | 460 5612 |
| Handsími: | 897 1935 |
| Netfang: | omar@ssnv.is |



## SAUÐÁRKRÓKUR

### Katrín María Andrésdóttir, atvinnuráðgjafi



| | |
|---|---|
| Aðsetur: | Ráðhúsið Sauðárkróki |
| Póstfang: | Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki |
| Sími: | 455 6043 |
| Handsími: | 893 1363 |
| Netfang: | kata@ssnv.is |

### Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri



| | |
|---|---|
| Aðsetur: | Faxatorg 1 |
| Póstfang: | Faxatorg 1, 550 Sauðárkróki |
| Sími: | 455 6066 |
| Fax: | 455 6019 |
| Handsími: | 899 4166 |
| Netfang: | gretasjofn@ssnv.is |

## BLÖNDUÓS

### Haukur Suska Garðarsson, atvinnuráðgjafi



| | |
|---|---|
| Aðsetur: | Bæjarskrifstofur Blönduósbæjar. |
| Póstfang: | Húnabyggð 33, 540 Blönduós |
| Sími: | 455 4300 |
| Handsími: | 891 7863 |
| Netfang: | haukur@ssnv.is |

# Skýrsla framkvæmdastjóra SSNV

Unnið að margvíslegum verkefnum á vettvangi SSNV árið 2007. Stjórn hélt 13 fundi á árinu auk þess sem stjórnarmenn funduðu með þingmönnum. Jakob Magnússon sagði starfi sínu lausu í ársbyrjun 2007 og í mars var Jón Óskar Pétursson ráðinn í starf framkvæmdastjóra. Þá urðu breytingar á stjórn um mitt árið þegar Bjarni Egilsson flutti burt af svæðinu og í hans stað kom Páll Dagbjartsson.



Þjóðhátíð.

Stærstu verkefni SSNV eru sem fyrr rekstur málefna fatlaðra, atvinnuþróunar auk almennrar hagsmunagæslu fyrir Norðurland vestra. Þá eru nokkur umsvif á skrifstofu samtakanna sem sér um launaútreikninga og bókhald fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra auk þess sem á árinu bættist við fjármálaumsýsla fyrir Menningarráð Norðurlands vestra. Stöðugt er unnið að því að bæta þjónustu og samþætta.

## Innra starf

Á 14. ársþingi SSNV árið 2006 var samþykkt tillaga um að fela stjórn að fjalla um framtíðarskipan SSNV. Sérstaklega verði horft á árangur samtakanna á starfssvæði þeirra og skipulag atvinnuþróunar. Stjórn og framkvæmdastjóri unnu greinargerð sem skilað var til sveitarfélaganna í lok mars 2007 þar sem settir voru fram þeir áhersluþættir í þeim málaflokkum sem heyra undir SSNV. Í úttektinni var einnig farið yfir þann fjárhagslega ávinning sveitarfélaganna sem varð við sameiningu Atvinnuþróunarfélagsins og SSNV árið 2004/2005.




*(heimild: ársreikningar SSNV og ANV).*



Úr Fljótum.

Á 15. ársþingi SSNV voru tveir starfshópar skipaðar og starfaði framkvæmdastjóri með þeim báðum. Önnur nefndin skyldi kanna og fjalla um möguleika á auknu samstarfi heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra. Í nefndinni sátu Elín R. Líndal, Ásgrímur Sigurbjörnsson og Ásgerður Pálsdóttir. Nefndin fundaði með framkvæmdastjórnum allra heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra og skilaði niðurstöðum til stjórnar SSNV í lok nóvember. Niðurstöður endurspegluðu að vilji stjórnenda heilbrigðisstofnana stendur til aukins samstarfs og þá er varða verkefni á sviði heilsutengdrar ferðaþjónustu, starfsendurhæfingar, ráðgjafateymis og smíði gagnagrunns sem miðli upplýsingum á landsvísu m.a um laus sjúkrarými, aðgerðir ofl.

Hinum starfshópnum var ætlað að fjalla um og gera tillögur að framtíðarskipulagi SSNV og einstaka samstarfsverkefnum sveitarfélagana á Norðurlandi vestra. Í hópnum sátu sveitarstjórar Húnaþings vestra og Skagafjarðar ásamt bæjarstjórum Blönduóss og Fjallabyggðar. Starfshópurinn réð til sín Björgu Ágústsdóttur frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta sem leiddi starf hópsins. Samkvæmt tillögu ársþings skyldi hópurinn skila tillögum til stjórnar SSNV eigi síðar en 1. febrúar 2008.

## Byggðamál

Í ársbyrjun 2007 var undirritun Vaxtarsamnings Norðurlands vestra frestað að ósk sveitarfélagsins og fyrirtæka í Skagafirði. Í framhaldi var skipaður starfshópur sem í áttu sæti sveitarstjóri sveitarfélagsins Skagafjarðar, forstjóri Byggðastofnunar, skrifstofustjóri Iðnaðarráðuneytisins ásamt formanni og framkvæmdastjóra SSNV. Hlutverk hópsins var að nálgast málefni Vaxtarsamnings á nýjan hátt og knýja á um meira fjármagn til samningsins af hálfu ríkisins. Starfshópurinn skilaði tillögum til stjórnar SSNV sem miðuðu að því að einfalda stjórnskipulag og hlutverk samningsins. Stjórn og framkvæmdastjóri SSNV unnu áfram að nánari útfærslu samningsins í samvinnu við Iðnaðarráðuneytið og í lok árs lá fyrir rammasamningur til undirritunar. Samningurinn byggir á tveim klösum. Menntunar- og rannsóknarklasa, með áherslu á auðlindalíftækni og uppbyggingu þekkingarsetra, og menningar- og ferðaþjónustuklasa sem ætlað er að styðja við nýsköpun og framþróun á því sviði. Framlag ríkisins til vaxtarsamningsins var hækkað og verður á samningstímanum 90 milljónir í stað þeirra 60 milljóna sem áður voru áætlaðar. Þá lá fyrir í árslok viðaukasamningur við Vaxtarsamning þar sem fyrirtæki og stofnanir leggja fram framlög til samningsins í formi sérfræðivinnu og fjármagns, samtals að verðmæti 56 milljónir króna á samningstímanum. Því má reikna heildarvirði Vaxtarsamnings á um 146 milljónir króna.



Frá Skagastrandarhöfn.

Þann 1. maí 2007 var undirritaður samningur milli ráðuneyta mennta og ferðamála annarsvegar og sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra um samstarf á sviði menningarmála. Samningurinn er til þriggja ára og mun ríkisvaldið leggja fram 95 milljónir króna á samningstímanum. Um mitt sumar var staða menningarfulltrúa Norðurlands vestra auglýst til umsóknar og í ágúst var Ingibergur Guðmundsson ráðinn í starf menningarfulltrúa úr hópi 11 umsækjenda. Skrifstofa menningarfulltrúa er á Skagaströnd.

Með tilkomu menningar- og vaxtarsamninga mun stoðkerfi þróunarstarfs á Norðurlandi vestra styrkjast og eflast á næstu árum. Án efa munu þessir tveir samningar færa svæðinu aukin tækifæri á sviði nýsköpunar og því er mikilvægt að samspil þessara tveggja eininga og SSNV atvinnuþróunar verði sem markvissast og skilvirkast.

Í júnímánuði tilkynnti sjávarútvegsráðherra ákvörðun um verulega skerðingu þorskkvóta. Strax var ljóst að sú ákvörðun myndi hafa veruleg áhrif á afkomu einstaklinga,fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Stjórn SSNV sendi frá sér ályktun um málið þar sem lagðar voru fram tillögur í 10 liðum um mótvægisaðgerðir af þessu tilefni. Tillögurnar voru eftirfarandi;

- Jöfnun á flutningskostnaði.
- Sérstakt átak til styrktar ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra.
- Veruleg aukning fjármuna til sjávarútvegsstaða í gegnum jöfnunarsjóð.
- Sérstakur stuðningur við sprotafyrirtæki og rannsóknarverkefni í sjávarplássum.
- Efla þarf Byggðastofnun með auknum fjármunum sem sérstaklega eru merktir þessum samdrætti.
- Stórauka framlag ríkisins til væntanlegs Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.
- Beita Fjárfestingastofu sérstaklega í leit að tækifærum erlendis sem nýst gætu þessum byggðum.
- Í umræðunni um netþjónabú á Íslandi þarf að horfa til landsbyggðarinnar með sérstökum ívilnunum fyrir erlendu fyrirtækin þannig að þau sjái hag í því að staðsetja sig m.a. á Norðurlandi vestra. Í þessu sambandi er rétt að minna á staðsetningu Blönduvirkjunar.
- Sérstakt átak í flutningi opinberra starfa út á land.
- Auknir fjármunir til framhalds- og háskólastarfs á Norðurlandi vestra.



Frá Siglufirði.

Seinni hluta septembermánaðar átti stjórn SSNV fund með þingmönnum Norðvesturkjördæmis þar sem ræddar voru leiðir til að bregðast við neikvæðri byggðaþróun á Norðurlandi vestra mörg undanfarin ár. Fundurinn var haldinn í kjölfar ákvörðunar um niðurskurð aflaheimilda í þorski og útkomu skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvöxt eftir landshlutum en þar kom fram að hagvöxtur á Norðurlandi vestra hefur verið neikvæður um 9% á árabilinu 1998 til 2005. Í framhaldi þess fundar var farið fram á við forsætisráðherra að hann hlutaðist til um skipan nefndar fulltrúa ríkisvaldsins og heimamanna til þess að fara yfir og koma með tillögur að eflingu atvinnulífs og byggða á Norðurlandi vestra.

## Samstarf

Sameiginlegir fundir formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa skipað sér fastan sess. Fundað var í tengslum við landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna auk sumarfundar sem haldinn var á Ísafirði í júnímánuði.



Skíðasvæðið í Tindastóli.

SSNV er líkt og önnur landshlutasamtök sveitarfélaga umsagnaraðili fjölda lagafrumvarpa og þingsályktana. Góð samvinna er við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök um umsagnir um þau mál er snúa að sveitarfélögunum og byggðamálum almennt.

## Annað

SSNV skipulagði sameiginlegan fund sveitarstjórnarmanna af Norðurlandi vestra og þingmanna Norðvesturkjördæmis sem haldinn var á Hótel Varmahlíð í október. Þá var skipulögð heimsókn Félags- og tryggingamálanefndar alþingis til Norðurlands vestra þar sem nefndin skoðaði m.a skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs á Skagaströnd og Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki ásamt kynningu á starfsemi SSNV v/málefna fatlaðra.

Stjórn og framkvæmdastjóri SSNV sóttu Opna daga héraðanefndar evrópskra sveitarfélaga sem haldnir voru í Brussel 7.-10. október. Alls sóttu ráðstefnuna um 5000 sveitarstjórnarmenn víðsvegar úr Evrópu, þar af 35 manna hópur frá Íslandi.

Rekstur SSNV skilaði ágætum afgangi á árinu. Rekstrartekjur voru 27.762.370 kr. Fjármagnstekjur námu 1.183.141 kr. Rekstrargjöld námu 23.656.889 kr. Rekstrarafgangur ársins varð því 5.288.622 kr.



Frá Blönduvirkjun. *Jón Sig.*

## Atvinnuþróun

Verkefni SSNV atvinnuþróunar voru af margvíslegum toga á árinu 2007. Þau snúa að beinni ráðgjöf við fyrirtæki og einstaklinga ásamt þátttöku í margvíslegum samstarfsverkefnum við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki. Þá var sérstaklega hugað að sýnileika og samþættingu atvinnuþróunarinnar ásamt eflingu innra starfs. SSNV atvinnuþróun kappkostar að veita faglega og hagnýta þjónustu til viðskiptavina. Töluverður hluti af vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og skrif styrkumsókna með fyrirtækjum og einstaklingum í hvers kyns opinbera sjóði og renna nokkrar upphæðir árlega til aðila á Norðurlandi vestra í gegn um opinbera sjóði. Skrifstofur SSNV atvinnuþróunar eru á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði og verður almennt aðgengi viðskiptavina að þjónustunni að teljast fremur gott. Atvinnuráðgjafar fóru í fjölmargar heimsóknir í fyrirtæki á árinu en ráðgjöfin fer einnig fram með símtölum og gagnvirkum vefsamskiptum.




Að frumkvæði atvinnuráðgjafa var ráðist í gerð kynningardagatals um stóðréttir og göngur á Norðurlandi vestra sem dreift var á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem fram fór í Hollandi sumarið 2007. Útgáfan var styrkt af Útflutningsráði sem lagði til fjármagn og kynningarbás á mótinu.

Niðurskurður aflaheimilda í þorski sem ríkisstjórnin ákvað sumarið 2007 kemur hart niður á Norðurlandi vestra. Í ágúst 2007 gaf SSNV atvinnuþróun úr viðamikla skýrslu um áhrif aflasamdráttar í þorski á byggðarlög á Norðurlandi vestra. Þar kom fram að niðurskurður aflaheimilda í þorski um rúm 30% þýðir í raun um 1,5 milljarðs skerðingu á ársgrundvelli að teknu tilliti til neikvæðra margfeldisáhrifa.


Frá Hofsósi.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að könnun þess að reisa koltrefjaverksmiðju á Norðurlandi vestra. Unnin var skýrsla um hagkvæmni byggingar slíkrar verksmiðju í samstarfi við Fjárfestingastofu. Í framhaldi tók stjórn SSNV ákvörðun um að mæla með Skagafirði sem fyrsta kosti ef slík verksmiðja yrði byggð á Norðurlandi vestra. Í framhaldinu var forræði málsins og frekari útfærsla flutt til sveitarfélagsins Skagafjarðar og hefur á þeim vettvangi verið unnið að framgangi málsins.

SSNV-atvinnuþróun starfaði með Iðjunefnd Héraðsnefndar Austur Húnavatnssýslu í því skyni að kanna möguleika á iðnaðaruppbyggingu í Austur Húnavatnssýslu. Aflað var upplýsinga vegna staðarvalsúttektar á byggingu netþjónabús sem unnið var að frumkvæði Fjárfestingastofu, en Austur Húnavatnssýsla var ásamt Skagafirði meðal þeirra 10 staða sem skoðaðir voru hér á landi með byggingu netþjónabúa í huga. Hafist var handa við gerð kynningarvefs í því sambandi.

Unnið var að upplýsingaöflun fyrir þýskan aðila sem hyggur á uppbyggingu á sviði sjóstangveiði á Hvammstanga. Einnig var veitt ráðgjöf til íslenskra aðila sem hyggja á slíkan rekstur í Fjallabyggð. Margt bendir til að slík starfsemi geti átt góðu gengi að fagna á Íslandi og verið áhugaverð grein innan ört vaxandi ferðaþjónustu hér á landi.


Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð.

Árið 2007 var gerður samningur milli SSNV atvinnuþróunar og sveitarfélagsins Skagafjarðar um vinnuframlag atvinnuráðgjafa vegna umsjónar með daglegum rekstri Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Norðurlandi vestra í Varmahlíð. Samkvæmt samningnum var gert ráð fyrir 40% vinnuframlagi atvinnuráðgjafa vegna þessa verkefnis. Vegna hagræðingar og stöðugleika í starfsmannahaldi miðstöðvarinnar hefur

nú verið unnt að minnka aðkomu atvinnuráðgjafa að rekstri miðstöðvarinnar og nemur vinnuframlag hans vegna Upplýsingamiðstöðvarinnar nú allt að 25% stöðugildi. Námskeið fyrir starfsmenn upplýsingamiðstöðva á Norðurlandi vestra og ferðaþjónustustarfsfólks á svæðinu var skipulagt af starfsmanni SSNV atvinnuþróunar og haldið vorið 2007. Námskeiðið tókst vel og er orðið fastur liður í árvissum undirbúningi ferðasumarsins á Norðurlandi vestra.

Á vormánuðum var haldin ráðstefna á Blönduósi undir yfirskriftinni „Bjargráð í byggðamálum“. Blönduósbær í samstarfi við SSNV atvinnuþróun stóð að ráðstefnunni þar sem fjallað var um byggðamál og byggðaþróun á Íslandi frá ýmsum sjónarhornum. Ráðstefnan tókst vel þrátt fyrir skamman undirbúningstíma og var nokkuð vel sótt.

## Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar



Hrönn Ásgeirsdóttir stjórnarformaður og Guðni Sigtryggsson.

Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar voru afhent í áttunda sinn á árinu. Verðlaunin eru í senn hvatning til áframhaldandi starfsemi og viðurkenning fyrir góðan árangur. Markmið verðlaunanna er að hvetja til nýsköpunar og vekja athygli á því sem vel er gert á Norðurlandi vestra. Að þessu sinni var það bátasmiðjan Siglufjarðar Seigur ehf á Siglufirði sem hlaut verðlaunin vegna þeirrar hugkvæmni og áræðis sem starfsmenn og stjórnendur hafa sýnt við uppbyggingu fyrirtækisins.

Fyrirtækið var stofnað vorið 2005 af JE. vélaverkstæði ehf. á Siglufirði, Seiglu ehf. í Reykjavík og Siglufjarðarkaupstað.

## Sveitarfélög

Nokkur hluti starfsemi SSNV atvinnuþróunar fer í vinnu fyrir sveitarfélögin. Verkefnin eru að ýmsum toga og umfangi. SSNV atvinnuþróun hefur lagt sig fram um að eiga gott samstarf við sveitarfélögin og veita þeim góða þjónustu.

Að beiðni sveitarfélagsins Skagafjarðar vann SSNV atvinnuþróun úttekt á kostnaði á rekstri nokkurra félagsheimila í sveitarfélaginu. Einnig kom atvinnuráðgjafi að undirbúningi við stofnun félags um Starfsendurhæfingu í Skagafirði. Unnin var samantekt að beiðni sveitarfélagsins Fjallabyggðar þar sem greindir voru helstu styrkleikar og veikleikar bæjarfélagsins er varða atvinnumál. Að beiðni Húnavatnshrepps voru teknar saman upplýsingar með tilliti til GSM væðingar í Austur Húnavatnssýslu ásamt eftirfylgni málsins við Símann og Fjarskiptasjóð. Fyrir Blönduósbæ tók SSNV atvinnuþróun



Frá Heimilisiðnaðarsafninu Blönduósi.

að veita upplýsingagjöf fyrir tjaldsvæði og upplýsingamiðstöð á Blönduósi. Þá aðstoðaði SSNV við undirbúning og framkvæmd íbúaþings á Blönduósi og stýrði atvinnuráðgjafi þar vinnuhópi um atvinnumál. Í Húnaþingi vestra sat atvinnuráðgjafi í verkefnishóp um kynningarmál í sveitarfélaginu.

Tekin var saman greinargerð um fyrirkomulag og kostnað sveitarfélaganna vegna eyðingar refa og minka ásamt upplýsingum um endurgreiðslu ríkisins til málaflokksins. Greinargerðin var send viðkomandi ráðuneyti og þingnefnd og málinu fylgt eftir við þingmenn kjördæmisins.

Atvinnuráðgjafar hafa í daglegum störfum mikil og góð samskipti við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga á svæðinu og tóku á síðasta ári þátt í fjölmörgum smærri verkefnum og viðburðum sem ekki verða nánar til talin hér.

## Byggðastofnun

Töluverð samvinna er á ári hverju við Byggðastofnun og var árið 2007 þar engin undantekning.




Frá Örlygsstöðum í Akrahreppi.

Að frumkvæði stofnunarinnar var samningum um atvinnu- og byggðaþróun við atvinnuþróunarfélögin sagt upp í byrjun árs. Í framhaldinu hófst vinna að gerð nýrra samninga sem taka skyldu mið af áherslum byggðaáætlunar 2006-2009. Aukin krafa um sýnilegt árangursmat atvinnuþróunarstarfsins var einnig höfð til hliðsjónar sem og endurskilgreining stuðnings við atvinnuþróunarfélögin með svonefndum verkefnasamningum. Í upphafi endurskoðunarvinnunnar fóru fulltrúar atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar í kynnisferð til Danmerkur þar sem stoðkerfi atvinnu-og byggðaþróunar á Jótlandi var kynnt og skoðunarferðir farnar í stofnanir og fyrirtæki. Vinna við samningsgerðina hófst síðsumars 2007 og í lok árs voru nýir samningar undirritaðir.

Á árinu var sérstakur verkefnasamningur um rekstur starfsstöðva á jaðarsvæðum framlengdur, en hann hefur verið í gildi frá árinu 2005. Samkvæmt samningnum greiðir Byggðastofnun til SSNV framlag sem nemur launakostnaði eins starfsmanns.



Kálfshamarsvík á Skaga.

Atvinnuráðgjafar í Austur Húnavatnssýslu og Siglufirði unnu með stofnuninni að greiningu og upplýsingaöflun í sveitarfélögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.

Þá sóttu fulltrúar SSNV atvinnuþróunar þá sameiginlegu fundi fulltrúa atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar sem boðað var til á árinu ásamt nokkrum fundum sem snéru sérstaklega að málefnum Norðurlands vestra.

## Alþjóðasamstarf

Á árinu 2007 lauk alþjóðlega strandmenningarverkefninu Northern Coastal Experience, NORCE. Verkefnið sem unnið hefur verið innan Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins hefur staðið frá árinu 2004 og snýst um að nýta m.a menningu, sögu og handverk tengdu strandhéruðum við Norður-Atlantshaf til uppbyggingar á sviði ferðaþjónustu. Þátttakendur komu frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi, Svíþjóð og Hjaltlandseyjum. Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra, síðar SSNV atvinnuþróun hefur frá upphafi verið leiðandi þátttakandi (e. Lead partner) verkefnisins og séð um fjármálaumsýslu verkefnisins. Árið 2007 var unnin umsókn um framhald verkefnisins til Norðurslóðaáætlunarinnar og var SSNV atvinnuþróun aðili að þeirri umsókn. Á svæðinu má merkja vaxandi áhuga á alþjóðlegum samstarfsverkefnum og atvinnuráðgjafar aðstoðuðu og leiðbeindu nokkrum aðilum vegna umsókna og þátttöku á þeim vettvangi. Þá sóttu atvinnuráðgjafar ýmsa kynningarfundi sem haldnir voru um alþjóðlega sjóði og samstarfsáætlanir en skýr krafa er uppi um að innan

SSNV atvinnuráðgjafar liggi þekking á þessu sviði. Ljóst er að framboð á alþjóðlegum samstarfsverkefnum er mikið og liggja þar vafalítið sóknarfæri fyrir svæðið þó gæta þurfi þess að vanda til verka þegar kemur að vali verkefna og samstarfsaðila.



Matreiðslubók NORCE.

## Kynningarmál

Árið 2007 var útgáfa fréttabréfa SSNV endurvakin eftir nokkurt hlé. Í maí kom út fréttabréf sem dreift var í pósti til fyrirtækja og heimila á starfssvæði samtakanna og í desember var gefið út annað fréttabréf í vefútgáfu sem dreift var á póstlista og liggur á vefsíðu SSNV.

SSNV atvinnuþróun kostaði birtingu atburðadagatals fyrir Norðurland vestra í Feyki sumarið 2007. Verkefnið var samstarfsverkefni SSNV atvinnuþróunar og Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Varmahlíð sem í sameiningu tóku saman efnið til birtingar.

## Annað


Þátttakendur í Vaxtarsprotum 2007.

Atvinnuráðgjafar í Húnavatnssýslum komu að skipulagningu og framkvæmd námskeiðanna Vaxtarsprotar og Sóknarbraut sem haldin voru á Skagaströnd og í Húnaþingi vestra. Verkefnið var opið öllum íbúum í sveit, óháð eðli viðskiptahugmynda, atvinnugreinum eða reynslu þátttakenda á sviði atvinnurekstrar. Þátttakendur námskeiðanna vinna með eigin viðskiptahugmyndir en fulltrúum starfandi fyrirtækja er einnig velkomið að taka þátt í því skyni að vinna að frekari framþróun eða mótun nýjunga í rekstri sínum. Námskeiðin voru samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins auk þess sem unnið var í samstarfi við SSNV atvinnuþróun. Að námskeiðum loknum hafa atvinnuráðgjafar unnið að eftirfylgni og frekari þróun einstakra verkefna sem mótuð voru á námskeiðunum.

Atvinnuráðgjafi í Skagafirði kynnti stoðkerfi atvinnulífsins fyrir nemendum við ferðamáladeild Háskólans á Hólum ásamt því að kynna starfsemi og hlutverk SSNV atvinnuþróunar. Á þessu ári hafa farið fram sambærilegar kynningar í Hólaskóla, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og fyrir nemendur í meistaranámi iðngreina. Með góðum tengslum SSNV atvinnuþróunar við nemendur og stjórnendur framhalds-



Vetrarsól.

og háskóla er ætlunin að auka vitund um starf SSNV og annarra eininga í stoðkerfi atvinnulífsins og freista þess að beina áhugaverðum viðskiptahugmyndum nemenda í áframhaldandi úrvinnslu á svæðinu.

Rekstur SSNV atvinnuþróunar skilaði góðum afgangi á árinu. Rekstrartekjur námu 36.739.182 kr. Fjármagnstekjur námu 1.046.894 kr. Rekstrargjöld námu 31.424.775 kr. Rekstarafgangur nam 6.361.301 kr. sem rann í iðnþróunarsjóð. Eigið fé sjóðsins nam í árslok 21.077.140 kr. Fjármagnstekjur námu 2.328.275 kr. Handbært fé sjóðsins nam í árslok 20.764.535 kr.




# Rekstraráætlun 2008
# Ársreikningar 2007

| Fjárhagsáætlun 2008 | 2006 | 2006 | | 2008 | 2008 | 2008 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | SSNV atvinnuþróun Ársreikningur | SSNV Ársreikningur | Skýr | SSNV atvinnuþróun ÁÆTLUN | SSNV ÁÆTLUN | Samtals atvinnuþróun / SSNV | |
| **Tekjur**: | | | | | | | **Hlutf. af tekjum** |
| Árgjöld sveitarfélaga atvinnuþróun (0,56%) | 10 816 275 kr. | | 1 | 12 415 339 kr. | | 12 415 339 kr. | **22,3%** |
| Árgjöld SSNV kr.165 pr.íbúa (31.12.06 = 8814) | | 1 392 528 kr. | 2 | | 1 411 951 kr. | 1 411 951 kr. | **2,5%** |
| Framlag Jöfnunarsjóður SSNV | | 14 950 577 kr. | 3 | | 14 950 577 kr. | 14 950 577 kr. | **26,8%** |
| Framlag Byggðastofnunar | 14 820 000 kr. | | 4 | 14 820 000 kr. | | 14 820 000 kr. | **26,6%** |
| Sérverkefni styrkt af Byggðast. | 3 843 265 kr. | | 5 | 3 843 265 kr. | | 3 843 265 kr. | **6,9%** |
| Þátttaka annarra í rekstrarkostnaði SSNV | | 5 090 103 kr. | 6 | | 5 500 000 kr. | 5 500 000 kr. | **9,9%** |
| Framlag menningarsamnings í rekstri skrifstofu | | | 7 | | 500 000 kr. | 500 000 kr. | **0,9%** |
| Umsjón fjármála Heilbrigðiseftirlits | | 400 000 kr. | 8 | | 500 000 kr. | 500 000 kr. | **0,9%** |
| Framlag SFNV í rekstri skrifstofu | | 400 000 kr. | 9 | | 1 250 000 kr. | 1 250 000 kr. | **2,2%** |
| Aðrar tekjur | 1 609 281 kr. | 642 730 kr. | 10 | 500 000 kr. | 0 kr. | 500 000 kr. | **0,9%** |
| **Samtals tekjur:** | **31 088 821 kr.** | **22 875 938 kr.** | | **31 578 604 kr.** | **24 112 528 kr.** | **55 691 132 kr.** | **100,0%** |
| **Gjöld**: | | | | | | | Hlutf. af gjöldum |
| **Launakostnaður** | **18 802 840 kr.** | **8 877 393 kr.** | | **20 090 625 kr.** | **10 802 954 kr.** | **30 893 579 kr.** | **55,60%** |
| Laun framkvæmdastjóra | | 6 013 189 kr. | 11 | | 6 303 600 kr. | 6 303 600 kr. | **11,3%** |
| Laun starfsmanna atvinnuþróunar | 16 124 102 kr. | | 12 | 17 000 000 kr. | | 17 000 000 kr. | **30,6%** |
| Laun stjórnar | | 1 550 565 kr. | 13 | | 2 800 000 kr. | 2 800 000 kr. | **5,0%** |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 1 436 346 kr. | 654 429 kr. | 14 | 1 750 000 kr. | 854 360 kr. | 2 604 360 kr. | **4,7%** |
| Tryggingagjald | 1 078 359 kr. | 544 003 kr. | 15 | 1 085 625 kr. | 576 566 kr. | 1 662 191 kr. | **3,0%** |
| Sjúkra og orlofssjóður | 160 844 kr. | | 16 | 250 000 kr. | | 250 000 kr. | **0,4%** |
| Lífeyri vegna ÁE og aðrar lífeyrisskuldbindingar | | 8 183 kr. | 17 | | 8 428 kr. | 8 428 kr. | **0,0%** |
| Annað vegna starfsfólk og stjórnar | | 107 024 kr. | 18 | | 250 000 kr. | 250 000 kr. | **0,4%** |
| Kaffistofa | 3 189 kr. | 0 kr. | 19 | 5 000 kr. | 10 000 kr. | 15 000 kr. | **0,0%** |
| | | | | | | | |
| **Stjórnunar og rekstrarkostnaður** | **10 468 717 kr.** | **8 252 159 kr.** | | **11 440 000 kr.** | **13 227 500 kr.** | **24 667 500 kr.** | **44,40%** |
| Rekstur tölvukerfis | 74 556 kr. | 388 107 kr. | 20 | 80 000 kr. | 800 000 kr. | 880 000 kr. | **1,6%** |
| Þátttaka í rekstri SSNV | 5 516 449 kr. | | 21 | 5 500 000 kr. | | 5 500 000 kr. | **9,9%** |
| Netþjónusta | 63 354 kr. | 553 145 kr. | 22 | 66 000 kr. | 700 000 kr. | 766 000 kr. | **1,4%** |
| Bækur, blöð og tímarit | 42 167 kr. | 13 202 kr. | 23 | 44 000 kr. | 20 000 kr. | 64 000 kr. | **0,1%** |
| Ritföng pappír og bréfabindi | 172 503 kr. | 236 935 kr. | 24 | 180 000 kr. | 257 500 kr. | 437 500 kr. | **0,8%** |
| Sími | 209 163 kr. | 710 359 kr. | 25 | 220 000 kr. | 650 000 kr. | 870 000 kr. | **1,6%** |
| Póstburðargjöld | 0 kr. | 97 903 kr. | 26 | 0 kr. | 100 000 kr. | 100 000 kr. | **0,2%** |
| Heimasíða | | 55 755 kr. | 27 | | 500 000 kr. | 500 000 kr. | **0,9%** |
| Auglýsingar | 231 127 kr. | 55 937 kr. | 28 | 400 000 kr. | 100 000 kr. | 500 000 kr. | **0,9%** |
| Akstur og flutningur | 18 234 kr. | 3 201 kr. | 29 | 50 000 kr. | 50 000 kr. | 100 000 kr. | **0,2%** |
| Fundakostnaður | 81 688 kr. | 740 022 kr. | 30 | 50 000 kr. | 750 000 kr. | 800 000 kr. | **1,4%** |
| Fargjöld og dvalarkostnaður | 96 768 kr. | 47 318 kr. | 31 | 100 000 kr. | 400 000 kr. | 500 000 kr. | **0,9%** |
| Dagpeningar | 575 100 kr. | 516 500 kr. | 32 | 600 000 kr. | 550 000 kr. | 1 150 000 kr. | **2,1%** |
| Bifreiðastyrkir | 1 063 945 kr. | 631 921 kr. | 33 | 1 100 000 kr. | 1 200 000 kr. | 2 300 000 kr. | **4,1%** |
| Ráðstefnur og námskeið | 3 200 kr. | 33 600 kr. | 34 | 100 000 kr. | 300 000 kr. | 400 000 kr. | **0,7%** |
| Aðkeypt endurskoðun | | 100 050 kr. | 35 | 200 000 kr. | 200 000 kr. | 400 000 kr. | **0,7%** |
| Húsaleiga | 0 kr. | 326 643 kr. | 36 | | 700 000 kr. | 700 000 kr. | **1,3%** |
| Viðhald skrifstofubúnaðar | 240 573 kr. | 113 900 kr. | 37 | 200 000 kr. | 650 000 kr. | 850 000 kr. | **1,5%** |
| Bókhaldsaðstoð | 0 kr. | 2 047 798 kr. | 38 | | 2 600 000 kr. | 2 600 000 kr. | **4,7%** |
| Sérfræðiaðstoð | 299 400 kr. | 222 200 kr. | 39 | 550 000 kr. | 600 000 kr. | 1 150 000 kr. | **2,1%** |
| Styrkir og framlög | 106 148 kr. | 113 728 kr. | 40 | | 150 000 kr. | 150 000 kr. | **0,3%** |
| Höfðabraut 6. hússjóður | | 90 983 kr. | 41 | | 200 000 kr. | 200 000 kr. | **0,4%** |
| Kostnaður vegna verkefna | 1 500 782 kr. | 0 kr. | 42 | 2 000 000 kr. | 300 000 kr. | 2 300 000 kr. | **4,1%** |
| Rekstur bifreiðar | 0 kr. | 1 131 825 kr. | 43 | | 1 200 000 kr. | 1 200 000 kr. | **2,2%** |
| Vátryggingar, starfsfólk,vélar og áhöld | 113 060 kr. | 0 kr. | 44 | 0 kr. | 150 000 kr. | 150 000 kr. | **0,3%** |
| Annar kostnaður | 60 500 kr. | 21 127 kr. | 45 | 0 kr. | 100 000 kr. | 100 000 kr. | **0,2%** |
| **Samtals kostnaður** | **29 271 557 kr.** | **17 129 552 kr.** | | **31 530 625 kr.** | **24 030 454 kr.** | **55 561 079 kr.** | **100,00%** |
| | | | | | | | |
| **Rekstrarh./tap án fjárfestinga og fjárm.liða** | **1 817 264 kr.** | **5 746 386 kr.** | | **47 979 kr.** | **82 074 kr.** | **130 053 kr.** | **0,2%** |
| Fjármagnstekjur og vaxtagjöld | 503 295 kr. | 278 767 kr. | | | | | |
| Niðurstaða ársins | 2 320 559 kr. | 6 025 153 kr. | | | | | |

# Greinargerð – Fjárhagsáætlun 2008

## Greinargerð

Greinargerð þessi byggir að mestu á niðurstöðum úr ársreikningum SSNV og SSNV atvinnuþróunar. Greinargerðin inniber fjárhagsáætlun sem tekur mið af öllum helstu þáttum rekstrar þessara tveggja eininga. Í áætluninni er gengið útfrá því að félagið sé komið í það rekstrarform sem líklegt er að verði notað til frambúðar.

Í greinargerðinni eru dregnar saman helstu niðurstöður úr rekstri eininganna frá síðasta rekstrarári ásamt því að fyrri ár eru höfð til hliðsjónar í áætlun. Áætlunin hefur núverandi skipurit til hliðsjónar þar sem starfandi eru fjórir atvinnuráðgjafar hjá félaginu ásamt framkvæmdastjóra, bókhalds- og skrifstofumanneskju í hálfu starfi.

## Helstu niðurstöður

Áætlunin gerir ráð fyrir að reksturinn verði í jafnvægi á árinu 2008. Hún ber einnig með sér að ávinningur að sameiningunni frá 2004/2005 er að skila sér til sveitarfélaganna þar sem ekki er gert ráð fyrir hlutfallslegri hækkun vegna atvinnuþróunar né hækkun fastrar krónutölu pr íbúa vegna SSNV umfram verðlagshækkanir. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eru þjónustustofnun og sem slík eru laun og launatengd gjöld helsti útgjaldaliðurinn og er því ljóst að erfitt er að ná frekari hagræðingu í samtökunum án þess að skerða þjónustu við viðskiptavinina.

## Forsendur áætlunar

Áætlunin byggir á niðurstöðutölum ársreiknings 2006 og rekstrartölum frá fyrri helmingi ársins 2007. Hér á eftir eru skýringar á öllu helstu þáttum áætlunarinnar. Númerin vísa til liða í áætluninni.

## Tekjur

Tekjur rekstrareininga SSNV byggja á fjórum megin stoðum. Í fyrsta lagi framlögum frá Byggðastofnun sem hefur samkvæmt samningi greitt sem nemur fjórum stöðugildum atvinnuráðgjafa árlega ásamt aukaframlagi vegna sérverkefna. Í öðru lagi hefur Jöfnunarsjóður greitt framlag mánaðarlega til rekstrar SSNV. Í þriðja lagi hafa sveitarfélögin lagt framlög til atvinnuþróunar og hafa þau hingað til verið ákvörðuð m.t.t. útsvarsstofns og fasteignagjalda hvers sveitarfélags fyrir sig og hafa þessi framlög verið innheimt í fjórum hlutum árlega. Framlögin eru nú 0,56% og áætlunin gerir ráð

fyrir að þau verði óbreytt á árinu 2008. Í fjórða lagi hafa sveitarfélögin greitt sérstök árgjöld til rekstrar SSNV sem innheimt eru tvisvar á ári og er upphæð þeirra miðuð við fasta fjárhæð hvers íbúa fyrir sig þ.e. kr.165 pr íbúa. Nokkrar fjármagnstekjur hafa einnig verið hluti af tekjustofnum og verður svo væntanlega áfram. Þá eru ótaldar tekjur vegna fjármála og bókhaldsþjónustu sem SSNV veitir heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra sem nema 500 þús. kr. árlega og tekjum vegna þátttöku málefna fatlaðra í sameiginlegum kostnaði SSNV. Nýr tekjuliður bætist við en það er framlag menningarsamnings til reksturs skrifstofu sem áætlað er 500 þús. kr.

### 1. Árgjöld sveitarfélaga vegna ANV

Gert er ráð fyrir að árgjöld sveitarfélaganna verði 0,56% af útsvars og fateignatekjum sveitarfélaganna á árinu 2008. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að útsvarstekjur sveitarfélaganna breytist að einhverju leyti á árinu 2008, vegna hækkunar launa eða fækkunar íbúa, er valið hér að notast við endanlega niðurstöðu ársins 2006 í stað þess að áætla nýja tölu, þar sem þessi ágiskun er í raun jafn rétt og aðrar ágiskanir.

### 2. Árgjöld sveitarfélaga vegna SSNV

Hér er gert ráð fyrir að greiðslur sveitarfélaganna til SSNV séu kr 165 á hvern íbúa svæðisins. Gert er ráð fyrir að íbúum á svæðinu fækki jafn mikið og milli áranna 200 og 2007.

### 3. Framlag Jöfnunarsjóður

Áætlunin gerir ráð fyrir að framlag úr Jöfnunarsjóði verði óbreytt frá árinu 2007.

### 4. Framlag Byggðastofnun

Áætlunin gerir ráð fyrir að framlag Byggðastofnunar verði óbreytt frá árinu 2007. Rétt er þó að taka fram að Byggðastofnun hefur sagt upp núgildandi samningum við atvinnuþróunarfélögin og tekur uppsögnin gildi um næstu áramót. Stefnt er að því að vinnu við gerð nýrra samninga verði lokið fyrir þann tíma.

### 5. Sérverkefni Byggðastofnun

Áætlunin gerir ráð fyrir að framlag Byggðastofnunar til sérverkefna verði hið sama og á árinu 2006. Hafa verður í huga að hér er ekki um fasta upphæð að ræða og getur fjárhæðin því breyst milli ára. Rétt er að benda á að forsenda verkefnastyrkja gæti mögulega breyst í endurskoðun.

### 6. Þátttaka annars í rekstrarkostnaði SSNV

Hér er átt við hlutdeild atvinnuþróunar í heildarrekstrarkostnaði SSNV.

### 7. Heildarumsjón með fjármálum Menningarráðs Norðurlands vestra

SSNV mun sjá um heildarumsjón með fjármálum menningarsamnings og fær greitt kr. 500.000 á ári fyrir það.

### 8. Heildarumsjón með bókhaldi og launum Heilbrigðiseftirlits
SSNV sér um fjármál Heilbrigðiseftirlits og fær greitt kr. 500.000 á ári fyrir umsjón með málaflokknum.

### 9. Framlag SSNV í rekstri skrifstofu
Gert er ráð fyrir að þátttaka SSNV málefna fatlaðra í rekstri skrifstofu SSNV taki mið af umfangi þeirrar starfsemi.

### 10. Aðrar tekjur
Gert er ráð fyrir 500 þúsund króna tekjum til atvinnuþróunar vegna sérstakra verkefna.

## Gjöld
Gjöldum er í grundvallaratriðum skipt jafnt á SSNV og atvinnuþróun nema þar sem kostnaður við þáttinn er augljóslega tengdur annarri deildinni.

### 11. Laun framkvæmdastjóra
Laun eru í samræmi við samning við framkvæmdastjóra.

### 12. Laun atvinnuráðgjafa
Gert ráð fyrir að fjórir starfsmenn séu að störfum allt árið. Gert er ráð fyrir að launatengd gjöld séu u.þ.b. 20% af launum starfsmanna. Gert ráð fyrir að laun starfsmanna hækki að einhverju leyti, en laun stjórnast af launasamningi Kjalar, þar sem gert er ráð fyrir 3% hækkun taxta á árinu 2008.

### 13. Laun stjórnar
Launakjör stjórnar eru í samræmi við ákvörðun frá 19.02.2007 um breytingar á launakjörum. Gert er ráð fyrir einum stjórnarfundi í mánuði að jafnaði. Auk þess er gert ráð fyrir tveim fundum á hvern stjórnarmann á árinu þess fyrir utan.

### 14. Mótframlag í lífeyrissjóð

### 15. Tryggingagjald

### 16. Orlofs- og sjúkrasjóður

### 17. Lífeyrir vegna ÁE og aðrar lífeyrisskuldbind.
Lífeyrisskuldbindingar fyrrverandi starfsmanna Fjórðungssambands Norðlendinga.

### 18. Annað vegna starfsfólks og stjórnar
Ýmis kostnaður s.s. dagbækur, jólagjafir starfsfólks og stjórnar ásamt jólaskemmtun starfsmanna.

### 19. Kostnaður vegna kaffistofu starfsfólks
Áætlaður útlagður kostnaður vegna þátttöku í kaffisjóði á útstöðvum samtakanna.

### 20. Hugbúnaður og rekstur tölvukerfis
Undir þessum lið eru leyfi á hugbúnaði, vistun gagna ásamt aðgengi og væntanlegu Balanced scorecard kerfi til árangursmælinga.

### 21. Þátttaka í rekstri SSNV
Hér er samantekt á hlutdeild atvinnuþróunar í samrekstri SSNV.

### 22. Netþjónusta
Undir þessum lið er samningur við Fjölnetið ásamt annarri netþjónustu.

### 23. Bækur, blöð og tímarit
Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna kaupa á bókum, fagtímaritum og áskrift að gagnabönkum fjölmiðla.

### 24. Ritföng, pappír og bréfabindi
Hér eru tekin mið af fyrri árum í þessum kostnaðarlið.

### 25. Sími, fax og önnur síma/svörunarþjónusta
Kostnaður vegna þjónustukaupa símsvörunar og dagbókarskráningar. Er í samræmi við kostnað á árinu 2006 og 2007.

### 26. Póstburðargjöld og flutningur
Hér eru tekin mið af fyrri árum.

### 27. Heimasíða
Líkleg uppfærsla og endurbætur á heimasíðu.

### 28. Auglýsingar og útgáfustarfsemi
Kostnaður við auglýsingar og útgáfu ársskýrslu.

### 29. Akstur og flutningur
Hér er tekið mið af fyrri árum í þessum kostnaðarlið.

### 30. Kostnaður vegna funda
Hér er tekið mið af kostnaði áranna 2005 og 2006. Þessum lið er ætlað að greiða kostnað við stjórnarfundi félagsins og samráðsfundi atvinnuráðgjafa svæðisins o.fl. í þeim dúr.

### 31. Fargjöld og dvalarkostnaður
Hér eru tekin mið af fyrri árum í þessum kostnaðarlið vegna gistingar og ferðakostnaðar.

### 32. Dagpeningar og ferðastyrkir
Hér er gert ráð fyrir að dagpeningar og ferðastyrkir hjá stjórnar- og starfsmönnum verði í svipuðum hlutföllum og var árin 2006/2007.

### 33. Endurgreiddur akstur/bifreiðastyrkur
Kílómetragjald vegna aksturs starfsmanna og stjórnarmanna á eigin bifreiðum, viðmið tekin af seinnihluta 2006 og fyrri hluta 2007.

### 34. Ráðstefnur, námskeið og endurmenntun
Hér er gert ráð fyrir að fjármagn vegna ráðstefna, námskeiða og endurmenntunar verði í takt við það sem verið hefur. Þar er kostnaður námskeiða vegna innleiðingar á nýjum tölvukerfum sem og áætlana um betur mótaða endurmenntunarstefnu samtakanna. Að auki hefur og verður þessi liður notaður vegna námskeiða, málþinga og ráðstefna sem SSNV getur og hefur staðið að.

### 35. Aðkeypt endurskoðun
Kostnaður við endurskoðun reikninga samtakanna.

### 36. Húsaleiga vegna skrifstofu og hússjóður
Kostnaður vegna húsnæðis skrifstofu samtakanna á Hvammstanga sem komin er í endurbætt húsnæði.

### 37. Viðhald skrifstofubúnaðar
Endurnýjun á tölvu- og skrifstofubúnaði samtakanna. Viðhaldskostnaður vegna tölvu og símabúnaðar. Gert er ráð fyrir endurnýjun tölvubúnaðar á árinu.

### 38. Skrifstofu- og bókhaldsaðstoð
Starfsmanneskja í hálfu starfi við bókhalds- og skrifstofustörf. Aðkeypt sem verktaki.

### 39. Sérfræðiaðstoð
Tekur mið af fyrri árum. Einnig er gert ráð fyrir 1 milljón króna til kaupa á aðstoð við úttekt á starfsemi SSNV og leggst sá kostnaður jafnt á SSNV og SSNV atvinnuþróun.

### 40. Styrkir og framlög
Hér eru tekin mið af fyrri árum í þessum kostnaðarlið.

### 41. Höfðabraut 6, hússjóður

### 42. Kostnaður vegna verkefna

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna undirbúningsvinnu vegna mögulegrar byggingar koltrefjaverksmiðju á Norðurlandi vestra í samvinnu við Fjárfestingastofnun. Undir þessum lið er framlag vegna Hvatningarverðlauna SSNV atvinnuþróunar ásamt framlagi vegna hugmynda um sérstakt kynningarátak fyrir Norðurland vestra.

### 43. Rekstur bifreiðar framkvæmdastjóra

Rekstrarkostnaður bifreiðar framkvæmdastjóra er þríþættur, í fyrsta lagi er rekstrarleigukostnaður bifreiðarinnar, annarsvegar bensínkostnaður og í þriðja lagi tryggingar og bifreiðargjöld.

### 44. Vátryggingar, starfsfólk, vélar og áhöld

Almenn atvinnurekstrartrygging.

### 45. Annar kostnaður

Hér er um að ræða ýmsan óskilgreindan kostnað sem getur fallið á samtökin vegna reksturs þeirra.

# Samtök sveitarfélaga

# á Norðurlandi vestra

## Ársreikningur 2007

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

Kt. 541292-2419

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 5.288,6 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 17.574,9 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Hvammstanga 1. apríl 2008.

Í stjórn samtakanna:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

**Inngangur**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi lög um ársreikninga.

Sauðárkróki 1. apríl 2008.

*KPMG hf.*

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2007 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 1. apríl 2008.

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2007 Áætlun | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Jöfnunarsjóður | | 16.629.260 | 12.877.503 | 14.950.577 |
| Aðrar tekjur | | 11.133.110 | 8.713.550 | 7.925.361 |
| | 2 | 27.762.370 | 21.591.053 | 22.875.938 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 11.972.310 | 9.967.000 | 8.877.393 |
| Stjórnunarkostnaður | | 11.684.579 | 10.895.000 | 8.252.159 |
| | | 23.656.889 | 20.862.000 | 17.129.552 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | | 4.105.481 | 729.053 | 5.746.386 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 1.404.232 | | 775.272 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 140.367) | | ( 77.424) |
| Vaxtagjöld | | ( 80.724) | | ( 31.144) |
| | | 1.183.141 | 0 | 666.704 |
| **Niðurstaða ársins** | 5 | 5.288.622 | 729.053 | 6.413.090 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

## Eignir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakröfur | | 0 | 552.337 |
| Kröfur á tengda aðila | | 0 | 4.284.290 |
| Aðrar kröfur | | 307.741 | 223.254 |
| Handbært fé | | 19.084.440 | 8.360.209 |
| Veltufjármunir samtals | | 19.392.181 | 13.420.090 |
| **Eignir samtals** | | 19.392.181 | 13.420.090 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Eiginfjárreikningar | | 17.574.909 | 12.286.287 |
| Eigið fé samtals | 5 | 17.574.909 | 12.286.287 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.127.039 | 382.005 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 690.233 | 751.798 |
| Skuldir samtals | | 1.817.272 | 1.133.803 |
| | | 1.817.272 | 1.133.803 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 19.392.181 | 13.420.090 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | 5 | 5.288.622 | 6.413.090 |
| Veltufé frá rekstri | | 5.288.622 | 6.413.090 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 4.752.140 | ( 4.752.849) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 683.468 | ( 9.363.116) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 5.435.608 | ( 14.115.965) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 10.724.230 | ( 7.702.875) |
| **Breyting á handbæru fé** | | 10.724.230 | ( 7.702.875) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 8.360.209 | 16.063.084 |
| **Handbært fé í árslok** | | 19.084.438 | 8.360.209 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## Starfsmannamál

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 10.114.057 | 7.563.754 |
| Launatengd gjöld | 1.679.330 | 1.206.615 |
| Annar starfsmannakostnaður | 178.923 | 107.024 |
| | 11.972.310 | 8.877.393 |

4. Á árinu starfaði að meðaltali einn starfsmaður hjá félaginu. Laun framkvæmdastjóra og fimm manna stjórnar námu alls 10,1 millj. kr.

## Eigið fé

5. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2007 | 12.286.287 |
| Niðurstaða ársins | 5.288.622 |
| Staða 31.12.2007 | 17.574.909 |

# Sundurliðanir

| | 2007 | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | Áætlun | |
| Jöfnunarsjóður | 16.629.260 | 12.877.503 | 14.950.577 |
| Árgjald sveitarfélaga | 1.453.488 | 1.463.550 | 1.420.480 |
| Þátttaka annarra í rekstri SSNV | 9.498.222 | 7.250.000 | 6.416.449 |
| Aðrar tekjur | 181.400 | | 88.432 |
| | 27.762.370 | 21.591.053 | 22.875.938 |
| **Laun og launatengd gjöld:** | | | |
| Laun framkvæmdastjóra | 7.088.450 | 6.200.000 | 6.013.189 |
| Laun stjórnar | 3.025.607 | 1.890.000 | 1.550.565 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 976.910 | 653.000 | 654.429 |
| Tryggingagjald | 687.102 | 564.000 | 544.003 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 15.318 | 400.000 | 8.183 |
| Annað vegna starfsfólk | 178.923 | 260.000 | 107.024 |
| | 11.972.310 | 9.967.000 | 8.877.393 |
| **Stjórnunarkostnaður:** | | | |
| Sérfræðiaðstoð m. vsk. | 1.782.973 | 100.000 | 222.200 |
| Þátttaka annarra í kostnaði við ársreikning | ( 240.000) | 0 | 0 |
| Bókhaldsaðstoð | 1.553.666 | 2.600.000 | 2.047.798 |
| Rekstur bifreiðar | 1.275.018 | 1.250.000 | 1.131.825 |
| Endurgreiddur akstur | 1.035.422 | 850.000 | 631.921 |
| Dagpeningar og ferðastyrkir | 886.413 | 600.000 | 516.500 |
| Fundakostnaður | 768.744 | 650.000 | 740.022 |
| Fargjöld og dvalarkostnaður | 682.137 | 25.000 | 47.318 |
| Húsaleiga | 674.096 | 650.000 | 326.643 |
| Sími | 595.644 | 650.000 | 710.359 |
| Netþjónusta | 592.780 | 650.000 | 553.145 |
| Rekstur tölvukerfis | 363.764 | 650.000 | 388.107 |
| Höfðabraut 6, sameign, ræsting og viðhald | 348.353 | 190.000 | 90.983 |
| Ritföng, pappír og bréfabindi | 453.737 | 250.000 | 236.935 |
| Auglýsingar | 217.263 | 300.000 | 55.937 |
| Aðkeypt endurskoðun | 185.300 | 150.000 | 100.050 |
| Póstburðargjöld | 160.240 | 100.000 | 97.903 |
| Ábyrgðartryggingar | 121.858 | 150.000 | 0 |
| Styrkir og framlög | 104.660 | 100.000 | 113.728 |
| Viðhald skrifstofubúnaðar | 73.621 | 300.000 | 113.900 |
| Heimasíða | 0 | 150.000 | 55.755 |
| Ráðstefnur og námskeið | 0 | 190.000 | 33.600 |
| Bækur, tímarit og blöð | 23.724 | 50.000 | 13.202 |
| Prentun og ljósritun | 0 | 150.000 | 11.071 |
| Akstur og flutningar | 13.237 | 40.000 | 3.201 |
| Annar kostnaður | 11.929 | 100.000 | 10.056 |
| | 11.684.579 | 10.895.000 | 8.252.159 |

# SSNV

# atvinnuþróun

## Ársreikningur 2007

SSNV atvinnuþróun
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

Kt. 541292-2419

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið nefnist SSNV atvinnuþróun og er tilgangur þess að stuðla að vexti og framþróun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 6.361 þús. kr. og var honum ráðstafað sem rekstrarframlagi til SSNV iðnþróunarsjóðs.

Stjórn SSNV atvinnuþróunar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Hvammstanga 1. apríl 2008.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn SSNV atvinnuþróunar.

**Inngangur**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi lög um ársreikninga.

Sauðárkróki 1. apríl 2008.

*KPMG hf.*

Kristján Jónasson
Ragna Hrund Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV atvinnuþróunar höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2007 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 1.apríl 2008.

Magnús Eiríksson
Björn Magnússon

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2007 Áætlun | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Árgjöld sveitarfélaga | | 13.707.780 | 11.869.620 | 12.415.346 |
| Aðrar tekjur | | 23.031.402 | 18.525.000 | 18.673.475 |
| | 2 | 36.739.182 | 30.394.620 | 31.088.821 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 18.895.918 | 19.186.000 | 18.802.840 |
| Stjórnunarkostnaður | | 12.528.857 | 10.120.000 | 10.468.717 |
| | | 31.424.775 | 29.306.000 | 29.271.557 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | | 5.314.407 | 1.088.620 | 1.817.264 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.183.986 | | 783.052 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 118.354) | | ( 78.141) |
| Vaxtagjöld | | ( 18.738) | | ( 23.072) |
| | | 1.046.894 | 0 | 681.839 |
| Rekstrarhagnaður ársins | | 6.361.301 | 1.088.620 | 2.499.103 |
| Framlag til SSNV Iðnþróunarsjóðs | | ( 6.361.301) | ( 1.088.620) | ( 2.499.103) |
| **Niðurstaða ársins** | | 0 | 0 | ( 0) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

## Eignir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakröfur | | 2.245.000 | 0 |
| Aðrar kröfur | | 20.213 | 82.400 |
| Handbært fé | | 10.284.075 | 7.224.392 |
| Veltufjármunir samtals | | 12.549.288 | 7.306.792 |
| **Eignir samtals** | | 12.549.288 | 7.306.792 |

## Skuldir

| | | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 697.903 | 7.387 |
| Skuld við tengd félög | | 11.212.505 | 6.652.474 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 638.880 | 646.931 |
| Skuldir samtals | | 12.549.288 | 7.306.792 |
| | | 12.549.288 | 7.306.792 |
| **Skuldir samtals** | | 12.549.288 | 7.306.792 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | ( 2.182.813) | ( 82.400) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 682.465 | 654.318 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | ( 1.500.348) | 571.918 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | ( 1.500.348) | 571.918 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | |
| Breyting skammtímalána | 4.560.031 | 6.652.474 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 4.560.031 | 6.652.474 |
| **Breyting á handbæru fé** | 3.059.683 | 7.224.392 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 7.224.392 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | 10.284.075 | 7.224.392 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## Starfsmannamál

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 16.126.284 | 16.124.102 |
| Launatengd gjöld | 2.769.634 | 2.675.549 |
| Annar starfsmannakostnaður | 0 | 3.189 |
| | 18.895.918 | 18.802.840 |

4. Á árinu störfuðu að meðaltali fjórir starfsmenn hjá félaginu.

# Sundurliðanir

| | 2007 | Áætlun | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Framlög Byggðastofnunar | 17.412.503 | 14.820.000 | 14.820.000 |
| Önnur framlög | 1.445.916 | 3.705.000 | 3.843.265 |
| Aðrar tekjur | 4.172.983 | 0 | 10.210 |
| | 23.031.402 | 18.525.000 | 18.673.475 |
| **Laun og launatengd gjöld:** | | | |
| Laun | 16.126.284 | 16.500.000 | 16.124.102 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 1.586.853 | 1.413.000 | 1.436.346 |
| Tryggingagjald | 980.821 | 1.130.000 | 1.078.359 |
| Sjúkra og orlofssjóður | 201.960 | 138.000 | 160.844 |
| Kaffistofa | 0 | 5.000 | 3.189 |
| | 18.895.918 | 19.186.000 | 18.802.840 |
| **Stjórnunarkostnaður:** | | | |
| Þátttaka í rekstri SSNV | 7.581.222 | 5.500.000 | 5.516.449 |
| Rekstur tölvukerfis | 290.319 | 50.000 | 74.556 |
| Netþjónusta | 0 | 30.000 | 63.354 |
| Bækur, tímarit og blöð | 18.109 | 70.000 | 42.167 |
| Ritföng, pappír og bréfabindi | 88.851 | 210.000 | 172.503 |
| Sími | 384.090 | 450.000 | 209.163 |
| Auglýsingar | 323.996 | 200.000 | 231.127 |
| Akstur og flutningar | 3.856 | 40.000 | 18.234 |
| Fundakostnaður | 11.117 | 250.000 | 81.688 |
| Fargjöld og dvalarkostnaður | 389.138 | 380.000 | 96.768 |
| Dagpeningar | 672.298 | 450.000 | 575.100 |
| Bifreiðastyrkir | 620.766 | 1.150.000 | 1.063.945 |
| Ráðstefnur og námskeið | 0 | 390.000 | 3.200 |
| Viðhald skrifstofubúnaðar | 21.335 | 400.000 | 240.573 |
| Sérfræðiaðstoð | 242.401 | 150.000 | 299.400 |
| Þátttaka í kostnaði við ársreikning | 80.000 | 0 | 0 |
| Styrkir og framlög | 38.500 | 100.000 | 106.148 |
| Kostnaður vegna verkefna | 1.742.859 | 200.000 | 1.500.782 |
| Vátryggingar, vélar og áhöld | 0 | 0 | 113.060 |
| Annar kostnaður | 20.000 | 100.000 | 60.500 |
| | 12.528.857 | 10.120.000 | 10.468.717 |

# SSNV

# iðnþróunarsjóður

## Ársreikningur 2007

SSNV iðnþróunarsjóður
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

Kt. 541292-2419

# Skýrsla og áritun stjórnar

SSNV iðnþróuarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu SSNV atvinnuþróunar. Sjóðurinn skal hafa sjálfstætt bókhald, vera í vörslu félagsins og skal framkvæmdastjóri félagsins annast framkvæmdastjórn hans.

Tap varð af rekstri sjóðsins á árinu að fjárhæð 3.310 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sjóðsins nam í árslok 21.077 þús. kr.

Stjórn SSNV iðnþróunarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Hvammstanga 1. apríl 2008.

Í stjórn félagsins:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn SSNV iðnþróunarsjóðs.

**Inngangur**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV iðnþróunarsjóðs fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi lög um ársreikninga.

Sauðárkróki 1. april 2008.

*KPMG hf.*

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV iðnþróunarsjóðs höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2007 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 1. apríl 2008.

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Framlag frá SSNV atvinnuþróun | | 6.361.301 | 2.499.103 |
| | 2 | 6.361.301 | 2.499.103 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Framlag til sveitarfélaga | | 12.000.000 | 0 |
| | | 12.000.000 | 0 |
| (Rekstrartap) hagnaður fyrir fjármagnsliði | | ( 5.638.699) | 2.499.103 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur og arður | | 2.586.972 | 1.489.222 |
| Fjármagnstekjuskattur og vaxtagjöld | | ( 258.697) | ( 139.334) |
| | | 2.328.275 | 1.349.888 |
| **Niðurstaða ársins** | 4 | ( 3.310.424) | 3.848.991 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

## Eignir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Áhættufjármunir: | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 3 | 1.100.000 | 1.100.000 |
| Fastafjármunir samtals | | 1.100.000 | 1.100.000 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Krafa á tengda aðila | | 11.212.605 | 4.851.304 |
| Handbært fé | | 20.764.535 | 18.436.260 |
| Veltufjármunir samtals | | 31.977.140 | 23.287.564 |
| **Eignir samtals** | | 33.077.140 | 24.387.564 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Eiginfjárreikningar | | 21.077.140 | 24.387.564 |
| Eigið fé samtals | 4 | 21.077.140 | 24.387.564 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 12.000.000 | 0 |
| Skuldir samtals | | 12.000.000 | 0 |
| | | 12.000.000 | 0 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 33.077.140 | 24.387.564 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | 4 | ( 3.310.424) | 3.848.991 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 3.310.424) | 3.848.991 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | 0 | ( 2.499.103) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 12.000.000 | 0 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 12.000.000 | ( 2.499.103) |
| Handbært fé frá rekstri | | 8.689.576 | 1.349.888 |
| **Fjárfestingahreyfingar:** | | | |
| Viðskiptareikningur við SSNV atvinnuþróun breyting | | ( 6.361.301) | 17.070.978 |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 6.361.301) | 17.070.978 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 2.328.275 | 18.420.866 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 18.436.260 | 15.394 |
| **Handbært fé í árslok** | | 20.764.535 | 18.436.260 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag af tekjum SSNV atvinnuþróunar. Á árinu 2007 var afkoma SSNV atvinnuþróunar 6.361 þús. kr. sem tekjufærðar er hjá sjóðnum meðal rekstrartekna.

### *Eignarhlutir í félögum*

3. Sjóðurinn á eignarhlut í Snorra Þorfinnssyni ehf. að nafnverði 1.100 þús. kr.

## Eigið fé

4. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2007 | 24.387.564 |
| Niðurstaða ársins | ( 3.310.424) |
| Staða 31.12.2007 | 21.077.140 |



# SSNV / málefni fatlaðra



Á hestbaki.

# SSNV / málefni fatlaðra
## SKÝRSLA VERKEFNISSTJÓRA 2007

### Hlutverk og markmið

Byggðasamlag um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra ( SSNV málefni fatlaðra ) hefur verið með samning við félagsmálaráðuneytið um veitingu þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra frá 1. apríl 1999. Þjónustusamningurinn var endurnýjaður í þriðja sinn í desember 2006 til 6 ára eða til ársloka 2012.

Byggðasamlagið tekur að sér að veita fötluðum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum í þeim lögum.

Meginmarkmið samningsins er að samþætta þjónustu við fatlaða í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila; færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Þetta er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og auknum þjónustugæðum að leiðarljósi.

### Starfssvæði

Í Byggðasamlaginu eru eftirtalin sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Um starfsemi Byggðasamlagsins gilda ákvæði 81.-85. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Á starfssvæði Byggðasamlagsins eru fjögur þjónustusvæði; Húnaþing vestra, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Stjórn SSNV gerði samning við þjónustusvæðin að annast þjónustu við fatlaða í sínu umboði.

### Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri vinnur eftir erindisbréfi frá stjórn SSNV. Starf verkefnisstjóra er fjölþætt en skipta má því í þrjá meginþætti: umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðra, leiðbeiningar um framkvæmd þjónustunnar og skýrslugerð vegna starfseminnar.

### Þjónustuhópur

Þjónustuhópur er faglegur ráðgjafarhópur um málefni fatlaðra og starfar eftir erindisbréfi frá stjórn. Í þjónustuhópnum eiga sæti félagsmálastjórar á Nl.vestra, framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri SSNV málefni fatlaðra. Formaður svæðisráðs um málefni fatlaðra Nl.vestra á rétt á setu á fundum þjónustuhóps með tillögurétt og málfrelsi. Er þannig uppfyllt upplýsingaskylda til svæðisráðsins. Hlutverk þjónustuhópsins er að vera stjórn til ráðgjafar og upplýsinga hvað varðar málefni fatlaðra ásamt því að gera tillögur um uppbyggingu og þróun þjónustunnar á starfssvæði Byggðasamlagsins.

### Félagsmálastjórar



**SIGLUFJÖRÐUR**
Hjörtur Hjartarson



**HÚNAÞING VESTRA**
Henrike Wappler



**SKAGAFJÖRÐUR**
Gunnar Sandholt



**FORMAÐUR SVÆÐISRÁÐS**
Valgarður Hilmarsson, Blönduósi



**FÉLAGSÞJÓNUSTA AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU**
Auður Herdís Sigurðardóttir

**Skýrsla verkefnisstjóra**

Í sveitarfélögunum átta á Nl. vestra eru 346 örorkulífeyrisþegar, eða um 7,3% af íbúafjölda 16 – 66 ára. Fjöldi barna með umönnunarbætur í flokki 1 – 3 eru 26 eða um 1% af íbúafjölda 0 – 17 ára. (Tryggingastofnun ríkisins, staðtölur almannatrygginga 2007 ). Þeir sem sækja þjónustu til félagsþjónustu þjónustusvæða Byggðasamlagsins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þurfa að vera metnir til örorku til lengri eða skemmri tíma. Á skrá hjá þjónustusvæðunum eru um 130 einstaklingar með fötlun sem notið hafa og njóta þjónustu af einu eða öðru tagi. Verulegur hluti þessa hóps eða um 100 manns fær reglulega þjónustu. Þeir sem fá mesta þjónustu búa á sambýlum, fá frekari liðveislu og heimaþjónustu, eru í daglegri iðju á hæfingarstöðvum, atvinnu með stuðningi eða dvelja reglulega í skammtímavistun. Stór hópur fólks með fötlun og aðstandendur eiga margvísleg erindi við félagsþjónustuna og sækir þangað þjónustu af ýmsu tagi.

**Þjónustuhópur**. Þjónustuhópur fundaði 8 sinnum á starfsárinu. Í tengslum við fundina er farið í vettvangsferðir á þjónustusvæðunum. Umsóknir um styrki og nýtingu fastra framlaga úr Framkvæmdasjóði fara fram í þjónustuhópnum. Föst framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eru annars vegar styrkir til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar og hins vegar til endurnýjunar á búnaði heimila og þjónustustofnana. Framlög úr Framkvæmdasjóði eru 4 m.kr. á ári.

**Svæðisráð um málefni fatlaðra**. Verkefnisstjóri vinnur náið með svæðisráði um málefni fatlaðra en svæðisráð á m.a. að hafa eftirlit með að starfsemin sé samkvæmt lögum. Samstarfið er með miklum ágætum og hefur skipt miklu máli í eftirfylgni og framgangi þjónustu og verkefna. Svæðisráð hefur á að skipa trúnaðarmanni fatlaðra sem vinnur að hagsmunagæslu fatlaðra. Eru svæðisráði og trúnaðarmanni fatlaðra færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

**Rekstraráætlun**. Rekstraráætlun er unnin í ágúst og lögð fram til kynningar og samþykktar á ársþingi SSNV ár hvert. Að þessu sinni var rekstrarniðurstaða fyrir einstök þjónustusvæði neikvæð um kr. 10.508.643,-. Framúrkeyrsla einstakra svæða var á bilinu 1 – 6 %. Mismunur á rekstrargjöldum SSNV og framlögum ríkisins er neikvæður um kr. 8.221.827,-. Mestu munar um endurgreiðslu launa á forsendum starfsmats frá árinu 2005 til ársloka 2007 kr. 11.354.031, -. Stjórn SSNV leggur fram rekstraráætlun með fyrirvara um að endanlegar fjárveitingar frá ríkinu liggja ekki fyrir og óskar eftir tillögum frá þjónustuhópi um breytingar á rekstraráætlun í byrjun árs, þar sem tekið er tillit til væntanlegra fjárveitinga ríkisvaldsins, bæði vegna launamats og ákvarðana um ný verkefni.

**Ársreikningur**. Eins og sjá má í ársreikningi SSNV þá var niðurstaða ársins neikvæð um kr. 9.300.500,- samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok kr. 31.687.300, - Á árinu fór fram uppgjör til sveitarfélaga vegna ársins 2006 kr. 24.226.716,-.



**Starfsdagar**. Starfsdagur var haldinn á Löngumýri 21. mars þar sem lykilstarfsmenn í þjónustunni hittust og fóru í greiningu á mikilvægustu þáttum nýs þjónustusamnings, markmiðið með því var að endurmeta samninga byggðasamlagsins við sveitarfélögin. Niðurstaða fundarins var sú að almenn ánægja var með það að grundvallarmarkmið samningsins taka nú meira mið af hugmyndafræði fötlunarfræða frekar en stjórnsýslulegum ramma. Starfsmenn leggja áherslu á að samningar við sveitarfélögin verði unnir í þá áttina að þeir efli og styrki hina almennu félagsþjónustu. Það verður að segjast eins og er að þjónusta við fatlaða hefur verið að þróast og aukast meðan umhverfi almennu félagsþjónustunnar hefur ekki tekið breytingum. Ekki er búið að ganga frá samningum við sveitarfélögin, þjónustuhópur og stjórn SSNV hafa farið yfir drög að samningi sem er til yfirlestrar hjá félagsmálaráðuneytinu.

Starfsdagar voru haldnir á Bakkaflöt í Skagafirði 6. og 7. desember. Unnin var stefnumótun til næstu 5 ára ásamt starfsáætlun 2008. Stefnumótunin inniheldur helstu upplýsingar um markmið samnings SSNV málefni fatlaðra og félagsmálaráðuneytisins, hlutverk og skyldur Byggðasamlagsins, langtímaáætlun unnin út frá framtíðarsýn og starfsáætlun þar sem mælt er út frá fjórum þáttum: þjónustu, fjármálum, verklagi og mannauði. Þátttakendur voru deildarstjórar, forstöðumenn, félagsmálastjórar, framkvæmdastjóri SSNV og verkefnisstjóri.

**Starfsmenn.** Haldið var námskeið fyrir forstöðumenn um Serqual þjónustugæðalíkanið, því er ætlað að mæla gæði þjónustu ásamt því að fara yfir hvernig væntingar notenda þjónustu eru bornar saman við upplifun þeirra af þjónustunni.

**Annað**. Unnar og samþykktar voru verklagsreglur þjónustuhóps vegna þjónustugrunnsins Gróska.is. Tveir fundir voru haldnir á árinu fyrir forstöðumenn og deildarstjóra um innleiðingu grunnsins.

Fræðslumöppur þekkingarbrunnsins afhentar og eru nú til á öllum starfsstöðum. Fræðslumappan var unnin í framhaldi af námskeiði sem haldið var fyrir ófaglærða starfsmenn á síðasta ári og er ítarefni til upplýsinga fyrir starfsmenn.

Ákveðið var að taka þátt í þjónustukönnun á stoðþjónustu fyrir fötluð börn og fullorðna og búsetuþjónustu fyrir börn á Íslandi. Það eru svæðisskrifstofur málefna fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi sem skipuleggja og halda utanum könnunina.

Tekið var á móti félags- og tryggingamálanefnd Alþingis á Sauðárkróki 5. september. Þjónustusamningurinn var kynntur ásamt samþættingu þjónustu hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

**Að lokum**. Þjónusta við fatlaða er á ábyrgð beggja stjórnsýslustiga þ.e. ríkis og sveitarfélaga, reynslan hefur sýnt okkur að málefnum fatlaðra er vel komið hjá sveitarfélögunum og ættu þau að mínu mati alfarið að sinna þessari þjónustu. Á þeim árum sem liðin eru frá því að sveitarfélögin tóku við þessu verkefni hefur það verið æ ljósara að frekari samþætting nærþjónustu er æskileg þegar horft er til þjónustunnar, öll nærþjónusta ætti því að vera á forsjá sveitarfélaga, má þar í sambandi nefna vinnumiðlun, tryggingarumboðin, heilsugæslu og málefni aldraðra.

Í þjónustusamningnum er að finna ákvæði hvað varðar þátttöku sveitarfélaga í því að leggja mat á árangur, gæði stjórnskipulags og það að þjónustugæðin verði metin með reglulegum hætti. Unnið verður að þessu í samráði við félagsmálaráðuneytið, er það mikil áskorun að takast á við slík verkefni. Framundan eru því skapandi tímar hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna og í málefnum fatlaðra og í því felst mikil áskorun.

*Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir*
*Verkefnisstjóri SSNV*

## Þjónustusvæði - verkefni

### SIGLUFJÖRÐUR

**Leikfangasafn – ráðgjafarþjónusta**
Félagsþjónustan, Gránugötu 24. Stöðugildi 1.
Húseignin er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar.

**Sambýli**
Lindargötu 2. Sambýli með sólarhringsþjónustu. Íbúar eru 7 og stöðugildi eru 7,30.
Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

**Iðja / dagvist**
Suðurgötu 4. Notendur eru 12, stöðugildi eru 2.
Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu Kaupfélags Eyfirðinga.

**Þjónustuíbúð**
Lindargötu 2. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

## SKAGAFJÖRÐUR



### Leikfangasafn – ráðgjafarþjónusta, fjölskylduþjónustan

Ráðhúsinu. Stöðugildi 2. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

### Sambýli

Fellstúni 19. Sambýli með sólarhringsþjónustu, íbúar eru 7 og stöðugildi eru 9. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

### Sambýli

Jöklatúni 22. Sambýli með meðalþjónustu, íbúar eru 2 og stöðugildi eru 3,4. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

### Sambýli

Jöklatúni 4. Sólarhringsþjónusta. Einn íbúi. Verktakasamningur. Húseignin er leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

### Hæfing / iðja

Aðalgötu 21. Notendur eru 16, stöðugildi eru 4. Húseignin er leiguhúsnæði í eigu Kaupfélags Skagfirðinga.

### Þjónustuíbúðir

Freyjugötu 19. Fjórar einstaklingsleiguíbúðir. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

### Skammtímavistun

Grundarstíg 22. Þjónar öllu starfssvæði Byggðasamlagsins. Stöðugildi eru 4,5. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólarhringa á árinu var 921. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu var 11 þar af voru 3 fullorðnir sem nýttu samtals 333 dvalarsólahringa.

## FÉLAGSÞJÓNUSTA AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLU

### Leikfangasafns- ráðgjafarþjónusta, félagsþjónustan

Flúðabakka 2. Stöðugildi 0,9. Húseignin er í umsjón Heilsugæslu. Félagsþjónustan sinnir leikfangasafnsþjónustu í Húnaþingi vestra.

**Sambýli**
Skúlabraut 22. Sambýli með sólarhringsþjónustu, íbúar eru 5 stöðugildi eru 7. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

**Hæfing / iðja**
Sunnubraut 4. Notendur eru 5, stöðugildi starfsmanna eru 2. Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu Kráks ehf.

### HÚNAÞING VESTRA

**Ráðgjafarþjónusta, félagsþjónustan**
Nestúni 1. Stöðugildi 0,4. Húseignin er í umsjón Heilsugæslu Hvammstanga.

**Sambýli**
Grundartúni 10 - 12 Hvammstanga. Sambýli með sólarhringsþjónustu, fjórar einstaklingsíbúðir og ein stúdíó íbúð, íbúar eru 5, stöðugildi eru 6. Húseignin er leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

**Hæfing / iðja**
Brekkugötu 14, Hvammstanga. Notendur eru 5, stöðugildi starfsmanna er 1. Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu einstaklings.

## Helstu verkefni

**Ráðgjafarþjónusta**
Félagsþjónusta sveitarfélaga hlutast til um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðum og aðstandendum þeirra, stuðlar að því að veitt sé félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðum þjónustu. Þjónusta þessi er skipulögð á hverju þjónustusvæði fyrir sig miðað við aðstæður.

Félagsþjónusta sveitarfélaga beitir sér fyrir sem víðtækastri samvinnu og samráði við fagaðila við framkvæmd verkefna. Í samningnum er gert ráð fyrir 4,3 stg. sem falla undir ráðgjöf. Á svæðinu er fagmenntun starfsfólks í þessum stöðugildum m.a. þannig; leikskólakennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfi, sérkennari, félagsráðgjafi. Einnig er aðgengi að sálfræðingum hjá sveitarfélögunum. Ekki hefur verið um breytingar að ræða varðandi ráðgjafarþáttinn, að vísu hefur verið aukning á fagfólki m.a. þroskaþjálfum þannig að aðgengi að fagfólki hjá sveitarfélögunum hefur aukist og meiri áhersla hefur verið lögð á ráðgjöf til starfsfólks.



## Leikfangasöfn
Hlutverk leikfangasafna er að veita þroska- og leikþjálfun til fatlaðra barna ásamt því að veita uppeldislega ráðgjöf og leiðbeiningar við notkun leikfanga í þjálfunarskyni ásamt útlánum úr leikfangasafni ásamt því að gera tillögur um afgreiðslu umönnunarbóta til Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig að vera samræmingaraðili þjónustu fatlaðra barna á svæðinu. Veitt er ráðgjöf til stofnana sem veita fötluðum þjónustu eftir þörfum og skipulögð er þátttaka í ráðgjafarteymum eftir aðstæðum á þjónustusvæðum. Félagsþjónusta A-Hún veitir leikfangasafnsþjónustu í Húnaþingi vestra.

## Stuðningsfjölskyldur
Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Allt er þetta gert í nánu samstarfi við foreldra.

## Skammtímavistun Grundarstíg 22, Sauðárkróki
Skammtímavistun þjónar öllu starssfvæði Byggðasamlagsins, en reksturinn er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Þjónustu skammtímavistunar er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Þá er skammtímavistun jafnframt ætlað að veita fötluðum ungmennum og fullorðnum, sem búa í heimahúsum, tilbreytingu og búa þá undir að flytjast úr foreldrahúsum.

Starfsmenn félagsþjónustu annast umsóknir um skammtímavistun og veita foreldrum og aðstandendum barna / fullorðinna í skammtímavistun ráðgjöf og stuðning ef með þarf. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4.

## Atvinnuþátttaka á almennum vinnumarkaði
Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði. Í Skagafirði er sérstakur starfsmaður sem sinnir því starfi. Með verkstjórn, starfsþjálfun og sérstakri liðveislu er fólki með fötlun veittur nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast nýju starfi og ná góðum tökum á vinnuverkefnum.

Möguleiki er á gerð vinnusamninga milli Tryggingastofnunar ríkisins og atvinnurekanda um ráðningu til starfs einstaklinga sem njóta örorkubóta og eru nokkrir slíkir samningar í gangi.

Einnig er möguleiki á starfsþjálfun – reynsluráðningu á vegum Svæðisvinnumiðlunar þar sem hugsanlegt er að byrja með starfskynningu í 2 vikur.

## Dagvist / iðja

Á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði eru starfrækt starfs- og dagvistarúrræði í formi dagvistar / iðju, en höfuðáherslan er að sjálfsögðu sú að fatlaðir fái vinnu á almennum vinnumarkaði.

Áhersla er lögð á alhliða starfs-, líkams- og félagsþjálfun í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi ásamt því að gefa þjónustuþegum kost á að sækja dagþjónustu við hæfi utan heimilis. Um er að ræða margþætta þjálfun/örvun, félagslega, andlega og líkamlega. Þau verkefni sem skila tekjum, sem eru nokkur, hafa skilað sér til þeirra sem starfa í iðjunum. Verkefni eru m.a. pökkun á skrúfum og smáhlutum, póstdreifing, sala á happdrætti, almanaki, álíming á spjöld, hnýttir krókar, götun á pappa fyrir prentsmiðju, innpökkun á plastpokum, pappírstæting og trévinna. Verkefnin eru nánast að öllu leyti unnin fyrir fyrirtæki á þjónustusvæðunum.

Sem dæmi um líkams- og félagsþjálfun má nefna sjúkraþjálfun, sund, reiðþjálfun, dagsferðir, skipulagðar gönguferðir, líkamstjáningu og söng. Samvinna er við sjúkraþjálfara á svæðunum. Á Hvammstanga kemur starfsmaður sambýlis til starfa e.h. í iðju, en er skilgreindur sem starfsmaður sambýlis. Í raun má því segja að stöðugildi þar séu 1,5.

## Búseta

Fólki með fötlun er veitt búsetuþjónusta með rekstri sambýla ásamt því að veita fullorðnum sem búa sjálfstætt eða í foreldrahúsum þjónustuúrræði í formi frekari liðveislu.

## Sambýli

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Íbúum skal veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni og eiga rétt á stuðningi og leiðsögn í öllu sem varðar persónulega hagi og heimilisrekstur. Þar er veitt sérhæfð þjónusta, þjálfun og umönnun.

## Frekari liðveisla

Afgreiðsla frekari liðveislu er einstaklingsbundin og er veitt 18 ára og eldri þegar þjónusta sveitarfélaga þ.e.a.s. heimaþjónusta og liðveisla er ekki nægjanleg. Skv.

samningi við ráðuneyti er reiknað með að þáttur sveitarfélags í stuðningi við sjálfstæða búsetu (liðveisla, heimahjúkrun og heimaþjónusta) sé um 40 % af heildarfjölda stuðningstíma og tekur þjónustustig mið af því. Sú þróun hefur verið síðustu ár að aukin áhersla hefur verið lögð á að fatlaðir eigi rétt á eigin heimili í samræmi við óskir þeirra og þarfir og hefur þjónusta við sjálfstæða búsetu aukist samhliða því.

## Þjónustuíbúðir

Í þjónustuíbúðum er að jafnaði gert ráð fyrir að íbúar séu nokkuð sjálfstæðir. Ekki gert ráð fyrir fastri viðveru starfsfólks. Íbúar í sjálfstæðri búsetu fá þjónustu í formi félagslegrar heimaþjónustu, heimahjúkrun frá heilsugæslu og frekari liðveislu sé hennar þörf. Á árinu voru í notkun fjórar þjónustuíbúðir í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar og ein íbúð á Siglufirði í eigu Framkvæmdasjóðs.

## Styrkir

Styrkir eru veittir vegna námskostnaðar og atvinnurekstrar.
SSNV málefni fatlaðra annast afreiðslu ofangreindra styrkja og fær til þess ákveðna upphæð á fjárlögum. Auglýst er og umsóknir afgreiddar einu sinni á ári.

## Tölulegar upplýsingar

Hér má sjá samantekt tölulegra upplýsingar um stærstu þjónustuþættina, fjölda einstaklinga, fjölda tíma og sólarhringa. Þetta eru ekki lýsandi tölur um alla þjónustuþætti sem veittir eru, má þar m.a. nefna ráðgjöf sem er stór þáttur í þjónustu við fatlaða, aðstandendur og starfsfólk.

## Sambýli

Sambýlin eru sex og íbúar eru 27, þar er veitt sólarhringsþjónusta og er þjónustuþörf íbúanna, þjónustuflokkar 3 – 7. Íbúar á sambýlum fá mismikla félagslega þjónustu og mótast það m.a. af mati á þörf, reglum sveitarfélagana um félagslega liðveislu og hvernig til tekst að ráða fólk til starfa. Talið er í klst. á viku. Sjá töflu I.

Tafla I. Búseta á sambýlum.

| Einstaklingar | Þjónustuflokkur | Félagsleg liðveisla |
|---|---|---|
| 0 | 1 | 0 |
| 0 | 2 | 0 |
| 2 | 3 | 1,7 |
| 1 | 4 | 0 |
| 6 | 5 | 14 |
| 6 | 6 | 8,5 |
| 12 | 7 | 21 |
| **27** | | **45,2** |

## Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu

Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu eru 49. Húsnæðið er í eigu einstaklinganna sjálfra, almennar leiguíbúðir, leiguíbúðir sveitarfélaga, ein íbúð er í eigu Framkvæmdasjóðs, einnig eru nokkrir sem búa hjá aðstandendum. Þjónusta er veitt í formi almennrar heimaþjónustu, frekari liðveislu og heimahjúkrunar. Talið er í klst. í viku. Sjá töflu II.

Tafla II. Fjöldi fatlaðra í sjálfstæðri búsetu.

| Einstakling-ar | Þjónustu-flokkur | Frekari liðveisla | Heima-þjónusta | Félagsleg liðveisla | Heima-hjúkrun |
|---|---|---|---|---|---|
| 16 | 1 | 14 | 20 | 3 | 1 |
| 16 | 2 | 45 | 18 | 24 | 12 |
| 6 | 3 | 21 | 17,5 | 4 | 13 |
| 3 | 4 | 18 | 2 | 4 | 0 |
| 4 | 5 | 31 | 10 | 14 | 1 |
| 4 | 6 | 0 | 0 | 8 | 0 |
| 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **49** | | **129** | **67,5** | **57** | **27** |

## Börn með umönnunarbætur

Börn með umönnunarbætur skv. mati Tryggingastofnunar ríkisins eru 26. Stoðþjónustan sem veitt er, er í formi stuðningsfjölskyldu og skammtímavistunar Grundarstíg 22 Sauðárkróki. Talið er í sólarhringum í mánuði. Sjá töflu III.

Tafla III. Fjöldi fatlaðra barna með umönnunarbætur skv. mati TR.

| Einstaklingar | Þjónustuflokkur | Skammtímavistun | Stuðningsfjölsk. |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 10,9 | 0 |
| 10 | 2 | 38,81 | 16 |
| 15 | 3 | | 3 |
| **26** | | **49** | **20,42** |

## Fjöldi fatlaðra í dagvistun og / eða vinnu

Einstaklingar sem sækja þjónustu iðju / dagvist og/eða atvinnu með stuðningi eru 54, þar af eru 37 í iðju / dagvist og 23 eru með atvinnu með stuðningi. 8 einstaklingar stunda hvorutveggja iðju / dagvist og atvinnu með stuðning. Talið er í klst. í viku. Sjá töflu IV.

Tafla IV. Fjöldi fatlaðra í dagvistun eða vinnu.

| Einstaklingar | Þjónustuflokkur | Vinna | Iðja/dagvistun |
|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 164 | 12 |
| 8 | 2 | 95 | 54 |
| 10 | 3 | 139 | 88,5 |
| 1 | 4 | 0 | 35 |
| 9 | 5 | 50,5 | 168 |
| 8 | 6 | 4,5 | 157,75 |
| 12 | 7 | 32,5 | 210 |
| **54** | | **485,5** | **722,25** |

# Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

## Ársreikningur 2007

Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

Kt. 541292-2419

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið heitir Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og er skammstafað SFNV. Á árinu 2006 var endurnýjaður samningur við ríkið og var þann 19. desember 2006 undirritaður þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið. Félagsmálaráðuneytið skuldbindur sig til að leggja fram tæplega 2.000 millj. kr. til byggðasamlagsins frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2012. SFNV tekur að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Niðurstaða ársins var neikvæð um samtals 9.300,5 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok 31.687,3 þús. kr.

Stjórn Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Hvammstanga 1. apríl 2008.

Í stjórn byggðasamlagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.

**Inngangur**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi lög um ársreikninga.

Sauðárkróki 1. apríl 2008.

*KPMG hf.*
Kristján Jónasson
Ragna Hrund Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra höfum yfirfarið ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2007 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 1. apríl 2008.

Marteinn Friðriksson
Björn Magnússon

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Framlög ríkissjóðs samkvæmt samningi | | 306.900.000 | 249.600.000 |
| Framkvæmdasjóður fatlaðra | | 4.000.000 | 6.000.000 |
| Aðrar tekjur | | 2.407.406 | 26.953.716 |
| | 2 | 313.307.406 | 282.553.716 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Sameiginlegur kostnaður | 3 | 11.218.406 | 7.813.881 |
| Rekstrarframlög | | 313.019.899 | 254.754.860 |
| Rekstrarframlög vegna stafsmats | | 0 | 2.790 |
| Fjárfestingarframlög | | 4.370.541 | 4.566.524 |
| | | 328.608.846 | 267.138.055 |
| (Ráðstöfun umfram framlög) óráðstöfuð framlög | | ( 15.301.440) | 15.415.661 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 6.758.547 | 3.713.836 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 675.852) | ( 370.545) |
| Vaxtagjöld | | ( 81.725) | ( 77.813) |
| | | 6.000.970 | 3.265.479 |
| **Niðurstaða ársins** | 1,5,6 | ( 9.300.470) | 18.681.140 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

## Eignir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 257.153 | 383.307 |
| Handbært fé | | 66.254.784 | 43.232.700 |
| | | 66.511.937 | 43.616.007 |
| **Eignir samtals** | | 66.511.937 | 43.616.007 |

## Skuldir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Óráðstöfuð framlög ársins:** | | | |
| Óráðstöfuð rekstrarframlög | 5 | 22.340.068 | 29.677.403 |
| Óráðstöfuð framlög Framkvæmdasjóðs | 6 | 9.347.253 | 11.310.388 |
| | | 31.687.321 | 40.987.791 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 34.656.463 | 0 |
| Skuld við SSNV | | 0 | 2.483.020 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 168.153 | 145.196 |
| | | 34.824.616 | 2.628.216 |
| **Skuldir samtals** | | 66.511.937 | 43.616.007 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | ( 9.300.470) | 18.681.140 |
| Veltufé (til) frá rekstri | ( 9.300.470) | 18.681.140 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | |
| Skammtímakröfur, lækkun | 126.154 | 7.884.449 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 32.196.400 | 1.974.587 |
| | 32.322.554 | 9.859.036 |
| Handbært fé frá rekstri | 23.022.084 | 28.540.176 |
| **Breyting á handbæru fé** | 23.022.084 | 28.540.176 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 43.232.700 | 14.692.524 |
| **Handbært fé í árslok** | 66.254.784 | 43.232.700 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður með þeim hætti að framlög umfram ráðstöfun ársins eru færð til hækkunar á skuld til ráðstöfunar á næsta ári. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## Starfsmannamál

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 5.257.288 | 4.055.313 |
| Launatengd gjöld | 1.045.915 | 769.661 |
| | 6.303.203 | 4.824.974 |

4. Á árinu starfaði að meðaltali einn starfsmaður hjá félaginu.

## Óráðstafað rekstrarframlag

5. Yfirlit um óráðstafað rekstrarframlag:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Staðan í upphafi árs | 29.677.403 | 12.429.739 |
| (Ráðstöfun umfram framlög) óráðstöfuð framlög ársins | ( 7.337.335) | 17.247.664 |
| Staða í lok árs | 22.340.068 | 29.677.403 |

## Óráðstafað úr Framkvæmdasjóði

6. Yfirlit um óráðstafað úr framkvæmdasjóði:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Staðan í upphafi árs | 11.310.388 | 9.876.913 |
| (Ráðstöfun umfram framlög) óráðstöfuð framlög ársins | ( 1.963.135) | 1.433.475 |
| Staða í lok árs | 9.347.253 | 11.310.388 |

# Ráðstöfun

| | Félagsþjónusta Húnaþings | Félagsþjónusta Austur-Hún. | Félagsþjónusta Skagafjarðar | Félagsþjónusta Siglufjarðar | Samtals 2007 | Samtals 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarframlög** | 47.877.329 | 56.020.410 | 145.298.340 | 63.823.820 | 313.019.899 | 254.754.860 |
| **Rekstur sambýla:** | | | | | | |
| Sími | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.790 |
| | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.790 |
| **Fjárfesting:** | | | | | | |
| Framlög vegna iðju | 201.352 | 0 | 60.837 | 0 | 262.189 | 270.254 |
| Framlög samkvæmt 27. gr. | 100.000 | 0 | 135.952 | 0 | 235.952 | 240.827 |
| Framlög vegna leikfangasafns | 0 | 0 | 35.728 | 49.955 | 85.683 | 61.840 |
| Sambýli og skammtímavistun | 1.646.672 | 120.000 | 1.169.589 | 850.456 | 3.786.717 | 3.993.603 |
| | 1.948.024 | 120.000 | 1.402.106 | 900.411 | 4.370.541 | 4.566.524 |

# Sundurliðanir

## Sameiginlegur kostnaður

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 6.303.203 | 4.824.974 |
| Rekstur bifreiðar | 1.169.630 | 1.048.251 |
| Þátttaka í skrifstofukostnaði SSNV | 1.250.000 | 400.000 |
| Sími, burðargjöld og tölvuþjónusta | 761.145 | 481.346 |
| Fargjöld-, dvalar- og fundarkostnaður | 526.447 | 66.732 |
| Húsaleiga, rafmagn og hússjóður | 330.372 | 341.724 |
| Dagpeningar og ökutækjastyrkur | 316.900 | 283.400 |
| Ritföng, pappír og prentun | 131.142 | 143.327 |
| Ráðstefnur og námskeið | 150.000 | 86.100 |
| Aðkeypt sérfræðiaðstoð | 103.500 | 100.050 |
| Þátttaka í kostnaði við ársreikning | 80.000 | 0 |
| Auglýsingar og kynningar | 53.327 | 36.477 |
| Aðkeypt þjónusta | 35.000 | 0 |
| Gjafir og styrkir | 5.750 | 0 |
| Ýmislegt | 1.990 | 1.500 |
| | 11.218.406 | 7.813.881 |

## Ýmsar skammtímaskuldir

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Ógreidd staðgreiðsla | 168.153 | 145.197 |
| | 168.153 | 145.197 |




# Starfsskýrsla HNV 2007



Heilbrigðisnefnd fundar á Siglufirði 25.10. 2007. (Á myndina vantar Sigríði Björnsdóttur).

**Starfsskýrsla HNV 2007**

Heilbrigðiseftirlitin í landinu eru starfrækt á vegum sveitarfélaganna við að framfylgja kröfum stjórnvalda sem birtast í flóknu regluverki. Heilbrigðisfulltrúar eru því eins konar fótgönguliðar ráðherra og þá sérstaklega umhverfisráðherra, og heimsækja nánast öll fyrirtæki í landinu og þrýsta á um að fyrirtækin starfi í samræmi við kröfur sem birtast í reglugerðum.

Samandregið gengur starf heilbrigðiseftirlitsins út á að fá fjölmarga aðila til að framkvæma og fylgjast með því að það sé gert og miðla tölulegum upplýsingum um stöðu mála.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis vestra starfar skv. lögum nr. 7/1998, en umhverfisráðherra fer með yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í landinu. Undir ráðuneytið heyrir jafnframt Umhverfisstofnun sem skv. lögum nr. 7/1998 hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu en það hefur tekist ákaflega góð samvinna við Umhverfisstofnun sem ber að þakka. Á árinu 2007 urðu talsverð umskipti á Umhverfisstofnun s.s. breyting á skipuriti og margþættur undirbúningur að því að matvælasvið stofnunarinnar færðist til nýrrar stofnunar. Stjórnvöld lögðu grunn að því að sameina stofnanir ríkisins sem fara með matvælamál undir einum hatti Matvælastofnunar sem staðsett er á Selfossi. Fyrirhugaðar breytingarnar höfðu í för með sér að Heilbrigðiseftirlitið sem starfar að matvælaeftirliti og í nánum tengslum við stofnanir ríkisins bjó sig undir jákvæðar breytingar sem skila væntanlega neytendum öruggari matvælum og bættum gæðum.

Á árinu 2007 tóku gildi breytingar á tóbaksvarnarlögum sem leiddu til þess að reykingar voru bannaðar á veitingahúsum. Frá Reykjavík bárust reglulega fréttir af óánægju gesta og veitingamanna með strangari reglur og ýmsum vandkvæðum við að framfylgja banninu á ölstöðum bæjarins. Á Norðurlandi vestra gengu þessar hertu reglur hljóðlega í garð og ekki varð vart við neina óánægju heldur virðist vera almenn sátt um að úthýsa reykingum. Einu kvartanir sem hafa borist eru frá fólki sem neyðist til að ganga í gegnum hóp reykjandi fólks sem hímir fyrir utan veitingastaði og veldur reyklausum gestum ama.

## Umhverfismál

Umtalsverð hreyfing varð á umhverfismálum á Norðurlandi vestra og nær þessi jákvæða þróun til alls svæðisins frá austri til vesturs. Á Siglufirði var hönnuð jarðgerðarvél hjá SR-Vélaverkstæði sem fyrirhugað er m.a. að starfrækja í Fjallabyggð og Húnaþing vestra lagði á árinu 2007 grunn að vistvænni meðferð úrgangs. Í Skagafirði var stigið mikilvægt skref í endurnýtingu úrgangs þegar Kjötafurðastöð KS hafði forgöngu um að jarðgera úrgang sem ekki var gerlegt að nýta í loðdýrafóður. Með þessum áfanga er svo komið að nánast enginn úrgangur er urðaður frá einu stærsta sláturhúsi landsins, þar sem vel á annað hundrað þúsund fjár er slátrað árlega.





Skipuleg vinna fór fram á vegum Heilbrigðiseftirlitsins við úttekt á frárennslismálum að ósk sveitarfélaganna, Húnavatnshrepps og Húnaþings vestra. Sigríður Hjaltadóttir hafði umsjón með þeirri vinnu sem nýtist til þess að fá yfirlit yfir stöðu mála hjá sveitarfélögunum og koma því sem út af stendur í betra horf. Mat Heilbrigðiseftirlitsins á fráveitumálum í dreifbýli er í stuttu máli að árangur hafi víða náðst en vissulega þarf enn að hnýta nokkra lausa enda og koma losun rotþróa í fastari farveg.

Talsverðar breytingar urðu á starfsmannamálum þar sem Sigurjón Þórðarson sneri til baka í starf framkvæmdastjóra eftirlitsins eftir leyfi á haustdögum.

Breytingarnar höfðu einkum áhrif á störf fráfarandi framkvæmdastjóra Steinunnar Hjartardóttur sem leiddi til minnkaðs starfshlutfalls hennar og Hrefnu Guðmundsdóttur

sem hvarf til annarra starfa. Báðar skiluðu Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra afar góðum störfum og æskilegt væri að fjölbreyttir málaflokkar Heilbrigðiseftirlitsins fengju að njóta starfskrafta þeirra í ríkari mæli.

Á árinu 2007 var hafist handa við að halda erindi á vinnustöðum þar sem matvæli eru meðhöndluð um öryggi matvæla og fara yfir helstu þætti sem geta valdið hættu og hvaða leiðir eru bestar til þess að minnka áhættu. Fræðsla starfsfólks er mjög mikilvægur þáttur í að tryggja gæði og öryggi matvæla. Þessum erindum var yfirleitt vel tekið af rekstraraðilum enda er mjög gott að skerpa af og til á þekkingu reyndra starfsmanna og síðan er margt ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði í söluskálum sem veitir ekki af að fá fræðslu um framangreinda þætti. Í reglugerð nr. 522 frá árinu 1994 segir að starfsfólk eigi að fá viðeigandi þjálfun í gæða- og hollustuháttamálum en það hefur síðan skort á að stjórnvöld hafi sett ramma utan um þá þjálfun líkt og starfsmenn sem vinna á hinum ýmsu vinnuvélum hafa. Markmið Heilbrigðiseftirlitsins hefur verið að koma á móts við þennan þátt en vissulega væri æskilegt að koma þessum fræðslumálum í fastari skorður.





Fjöldi matvælasýna til örverugreininga.

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mjólk og mjólkurvörur | 2 | 2 | 1 | 9 | 8 |
| Kjöt og kjötvörur | 9 | 9 | 4 | 12 | 3 |
| Fiskur og fiskafurðir | 2 | | | 7 | |
| Frá bakaríum | 7 | | 3 | | 6 |
| Ávextir og grænmeti | 4 | | 1 | 1 | |
| Krydd og kryddblöndur | 3 | 1 | | | |
| Ís | 9 | 9 | 8 | 6 | 6 |
| Neysluvatn | 99 | 148 | 134 | 192 | 174 |
| **Alls:** | **135** | **169** | **151** | **226** | **197** |

Rannsóknarniðurstöður sýna fyrir árið 2007.

| | Alls | Í lagi | Ófullnægjandi |
|---|---|---|---|
| Neysluvatn | 174 | 140 | 34 |
| Baðvatn | 17 | 10 | 7 |
| Mjólk og mjólkurvörur | 8 | 8 | 0 |
| Matvara | 9 | 9 | 0 |
| Ís úr vél | 6 | 4 | 2 |

Tilhögun eftirlits með fjölbreyttri starfsemi sem heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að hafa auga með er misflókin. Einna flóknast er eftirlitið með leikskólum en venja er að þar séu framreidd einföld matvæli fyrir börn og starfsfólk sem heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að sníða ramma utan um og síðan er mjög flókið regluverk í kringum úttekt á öryggisatriðum leiksvæða s.s. að naglar standi ekki út úr leikköstulum og undirlag leiktækja sé viðunandi.

Regluverkið felur í sér að heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að beita þvingunarúrræðum ef öryggi leiksvæða er ábótavant en þar að auki krefst reglugerð 942/2002 þess að þeir sem starfrækja leiksvæði haldi uppi ströngu innra eftirliti.

Innra eftirlitið á að fela í sér í fyrsta lagi reglubundna daglega yfirlitsskoðun og í öðru lagi rekstrarskoðun sem felur í sér verklega yfirferð á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Í þriðja lagi felur innra eftirlitið í sér aðalskoðun þar sem heildarúttekt er gerð af hæfum aðila sem hlotið hefur löggildingu. Heilbrigðiseftirlitinu er ekki kunnugt um að nokkur á Norðurlandi vestra hafi þau réttindi þó svo vitað sé að einstaka aðili hafi sótt fullgild námskeið á þessu sviði.

Það er ekki komin mikil reynsla á þessar reglur þar sem þær tóku ekki að fullu gildi fyrr en í árslok 2006 en þó svo, að það er nauðsynlegt að samræma og skýra skýrslur sem gerðar eru í aðalskoðunum á leikvöllum og tryggja að þær berist heilbrigðiseftirlitinu sem gefur formlega út fresti til úrbóta. Þær skýrslur af aðalskoðun leiksvæða á Norðurlandi vestra sem heilbrigðisfulltrúi hefur skoðað hafa verið með þeim hætti, að áhöld hafa verið um hvað nákvæmlega er gerð athugasemd við í aðalskoðuninni, en ætla má að þessir vankantar slípist af þegar meiri reynsla er komin á reglugerðina, en samt sem áður má ætla að rétt sé að minnka tíðni innra eftirlitsins á leiksvæðum frá því sem segir í reglugerð 942/2002.

Í störfum heilbrigðiseftirlitsins koma alltaf upp óvænt atvik sem krefjast skyndilegra úrlausna s.s. flóð á aur og drullu niður Nafirnar á Sauðárkróki um miðjan apríl 2007 og leka af olíuflutningabíl í Varmahlíð í lok maí og sömuleiðis olíuleka á hafnarsvæði á Sauðárkróki í ágúst.





Það fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í umsagnir um teikningar af fyrirhuguðum breytingum á stofnunum og fyrirtækjum. Sömuleiðis er útgáfa á leyfum og skýrslugerð til ríkisstofnana tímafrek og ýmislegt utanumhald um pappíra og gögn í samræmi við góða stjórnsýslu. Einn þáttur eftirlits hefur aukist til mikilla muna á umliðnum árum en það er eftirlit með vatnsveitum. Heilbrigðiseftirlitið hefur reglubundið eftirlit með liðlega 130 vatnsveitum og á árinu 2007 voru tekin um 200 neysluvatnssýni sem send voru til rannsóknar þar sem margvíslegir mismunandi þættir voru greindir s.s. gerla- og efnainnihald. Það tekur drjúgan tíma að taka sýnin enda vatnsveiturnar dreifðar um Norðurland vestra og sömuleiðis er kostnaður talsverður við að rannsaka sýnin en greinilegt er að kröfur um opinbert eftirlit með matvælum og neysluvatni hafa aukist m.a. samræmi við samevrópskar kröfur á þessu sviði.

## Heilbrigðisnefnd

Í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998 er í 11. grein ákvæði um Heilbrigðisnefndir s 11. gr.: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði.“ Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar.

Í upphafi árs 2007 voru því eftirtaldir aðalmenn í heilbrigðisnefnd:
Guðrún Sölvadóttir Skagafirði, formaður,
Ágúst Þór Bragason Blönduósi, varaformaður,
Sigríður Björnsdóttir Skagafirði, ritari,
Arnar H. Jónsson Siglufirði, meðstjórnandi,
Skúli Þórðarson Hvammstanga, meðstjórnandi,
Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Þær breytingar urðu á nefndinni í byrjun árs 2007 að Guðrún Sölvadóttir óskaði eftir lausn frá setu í nefndinni og Íris Baldvinsdóttir tók sæti hennar. Við þessa breytingu var Ágúst Þór Bragason kosinn formaður og Íris Baldvinsdóttir varaformaður. Á miðju

sumri tók Þórarinn Hannesson sæti Arnars H. Jónssonar sem flutti frá Siglufirði, auk þess sem Íris Baldvinsdóttir fékk leyfi frá nefndarstörfum, í stað hennar var tilnefnd Elínborg Hilmarsdóttir. Í Húnaþingi vestra tók nýr umhverfisstjóri Ína Björk Ársælsdóttir til starfa og tók hún þá sæti sem aðalmaður í heilbrigðisnefnd en Skúli Þórðarson sveitarstjóri sem var varamaður hafði gegnt starfinu frá því að Arnar Birgir Ólafsson umhverfisstjóri flutti í burtu.

Árið 2007 voru haldnir 7 stjórnarfundir. Á árinu voru samþykkt 45 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

## Fjármál eftirlitsins

Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra nær frá Bæjarhreppi til Siglufjarðar að báðum stöðum meðtöldum. Íbúafjöldi á starfssvæðinu 1. desember 2007 var 8819 og því hefur fækkað um 74 frá 1. desember 2006.

Fjöldi fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

| | 2000 | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Bæjarhreppur | 5 | 8 | 13 | 12 |
| Húnavatnshreppur | | 38 | 49 | 47 |
| Húnaþing vestra | 73 | 96 | 98 | 100 |
| Blönduós | 45 | 52 | 55 | 54 |
| Skagabyggð | | 3 | 8 | 8 |
| Höfðahreppur | 27 | 30 | 33 | 32 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 191 | 262 | 244 | 234 |
| Akrahreppur | 4 | 12 | 16 | 14 |
| Siglufjörður | 63 | 60 | 60 | 57 |
| **Alls:** | **408** | **561** | **576** | **558** |

Við gerð reikninga fyrir árið 2007 kom í ljós að tap varð af rekstri heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2007 að fjárhæð 691 þús. kr. en tapið skýrist fyrst og fremst af því að sýnatökukostnaður reyndist um hálfri milljón króna meiri en áætlun gerði ráð fyrir og sértekjur reyndust tæplega 400 þúsund krónum lægri en lagt var upp með.

Bókhald hefur verið um nokkurt skeið á skrifstofu SSNV á Hvammstanga í Navison bókhaldskerfi, en starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins sendu út greiðsluseðla vegna sértekna, s.s. tóbaksleyfisgjalds og starfsleyfisgjalds, einnig sendi heilbrigðiseftirlitið beint út reikninga vegna rannsókna á neysluvatni um leið og niðurstöður frá rannsóknarstofu lágu fyrir. Sveitarfélögin fá lista yfir þau fyrirtæki sem eru í þeirra sveitarfélagi til rukkunar og eftir árið er gert upp við sveitarfélögin, og þeim greitt til baka eða þeim sendur greiðsluseðill vegna uppgjörs. Þar sem vatnsveitur hafa verið



að fá starfsleyfi í sveitarfélögum hefur orðið aukning á fjölda fyrirtækja í sveitarfélögunum. Það er mat Heilbrigðiseftirlitsins að það sé almennt ánægja með núverandi fyrirkomulag en þó hafa einstaka forsvarsmenn sveitarfélaga hreyft við því að innheimta á eftirlitsgjöldum samkvæmt fyrrnefndum lista sem sveitarfélögum er ætlað að innheimta lögum samkvæmt fari alfarið til heilbrigðiseftirlitsins.

Ef litið er yfir farinn veg sést berlega að gríðarlega margt hefur áunnist í fjölbreyttum málaflokkum sem heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að vinna að en að sama skapi eru mörg verkefni sem eru óunnin eða þarf að vinna betur. Ferðaþjónustan er sístækkandi atvinnugrein sem reiðir sig á að umhverfismál séu til fyrirmyndar og matvæli séu örugg. Margvíslegir ferðaþjónar eru nú þegar orðnir öflugir bandamenn heilbrigðiseftirlitsins sem hefur orðið til þess að auka skilning á margvíslegum kröfum sem settar eru fram. Almennur skilningur er ekki síður mikilvægur til að ná árangri en að geta vísað í margvíslegar reglugerðir.

*Apríl 2008*
*Sigurjón Þórðarson*
*framkvæmdastjóri*

# Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

## Ársreikningur 2007

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
Sæmundargötu 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 560195-2309

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra starfar í umboði Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra og sér um að framfylgja lögum nr. 7/1998 um hollusutuhætti og mengunarvarnir. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Tap varð af rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á árinu 2007 að fjárhæð 691 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé heilbrigðiseftirlitsins var neikvætt um 125 þús. kr. í árslok 2007.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 27/5 2008.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 27/5 2008.

***KPMG hf.***

Kristján Jónasson
Ragna Hrund Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, höfum yfirfarið ársreikning þess fyrir árið 2007 og leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Sauðárkróki, 27/5 2008.

*Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra* 4 *Ársreikningur 2007*

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2007 Áætlun | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Framlög sveitarfélaga | | 6.999.992 | 7.000.000 | 5.400.000 |
| Eftirlitsgjöld | | 14.892.217 | 13.500.000 | 13.630.865 |
| Aðrar sértekjur | | 1.415.366 | 1.800.000 | 1.699.801 |
| | | 23.307.575 | 22.300.000 | 20.730.666 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 14.864.741 | 13.600.000 | 12.579.841 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 9.245.385 | 8.600.000 | 9.325.906 |
| | | 24.110.126 | 22.200.000 | 21.905.747 |
| (Rekstrartap) hagnaður fyrir fjármagnsliði | | ( 802.551) | 100.000 | ( 1.175.081) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 239.665 | | 295.905 |
| Vaxtagjöld | | ( 128.189) | ( 100.000) | ( 128.651) |
| | | 111.476 | ( 100.000) | 167.254 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | ( 691.075) | 0 | ( 1.007.827) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 728.345 | 278.830 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 143.338 | 268.097 |
| Handbært fé | | 647.903 | 2.211.405 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.519.586 | 2.758.332 |
| **Eignir samtals** | | 1.519.586 | 2.758.332 |

# 31. desember 2007

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 5 | ( 124.611) | 566.464 |
| Eigið fé samtals | | ( 124.611) | 566.464 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 541.837 | 1.037.871 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.102.360 | 1.153.997 |
| | | 1.644.197 | 2.191.868 |
| Skuldir samtals | | 1.644.197 | 2.191.868 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.519.586 | 2.758.332 |
| **Skuldbindingar** | 4 | | |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | 5 | ( 691.075) | ( 1.007.827) |
| Veltufé til rekstrar | | ( 691.075) | ( 1.007.827) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 324.756) | 1.300.965 |
| Skammtímaskuldir, lækkun | | ( 547.671) | ( 1.198.724) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 872.427) | 102.241 |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 1.563.502) | ( 905.586) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 1.563.502) | ( 905.586) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 2.211.405 | 3.116.991 |
| **Handbært fé í árslok** | | 647.903 | 2.211.405 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Fjárhagsáætlun*

2. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2007 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

## Starfsmannamál

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 12.576.169 | 10.653.202 |
| Launatengd gjöld | 2.370.366 | 1.826.003 |
| Áunnið orlof, breyting | ( 234.513) | 0 |
| Annar starfsmannakostnaður | 152.719 | 100.636 |
| | 14.864.741 | 12.579.841 |

## Skuldbindingar

4. Á árinu 2005 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina UJ-253. Samningurinn gildir frá 01.08.2005 og gildir til 01.08.2008. Á árinu 2006 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina YI-518. Samningurinn gildir frá 18.05.2006 og gildir til 05.06.2009. Gjaldfærðar leigugreiðslur vegna samninganna á árinu nema um 1.193,1 þús. kr.

## Eigið fé

5. Yfirlit um eigið fé:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2007 | 566.464 |
| Niðurstaða ársins | ( 691.075) |
| Staða 31.12.2007 | ( 124.611) |

# Sundurliðanir

| | 2007 | 2007 Áætlun | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Framlög sveitarfélaga:** | | | |
| Rekstrarframlög sveitarfélaga | 6.999.992 | 7.000.000 | 5.400.000 |
| | 6.999.992 | 7.000.000 | 5.400.000 |
| **Laun og launatengd gjöld:** | | | |
| Vinnulaun | 12.156.169 | 11.200.000 | 10.190.372 |
| Stjórnarlaun | 420.000 | 450.000 | 462.830 |
| Launatengd gjöld | 2.370.366 | 1.850.000 | 1.826.003 |
| Áunnið orlof, breyting | ( 234.513) | 0 | 0 |
| Annar starfsmannakostnaður | 152.719 | 100.000 | 100.636 |
| | 14.864.741 | 13.600.000 | 12.579.841 |
| **Annar rekstrarkostnaður:** | | | |
| Sýni og flutningskostnaður | 2.393.796 | 1.900.000 | 2.420.822 |
| Rekstur bifreiða | 1.142.829 | 1.100.000 | 1.091.294 |
| Rekstrarleiga | 1.193.100 | 1.100.000 | 1.137.187 |
| Húsaleiga og viðhald | 891.032 | 850.000 | 889.729 |
| Innheimtu- og umsjónarkostnaður | 573.087 | 700.000 | 577.062 |
| Sími | 497.208 | 350.000 | 406.624 |
| Dagpeningar | 577.340 | 400.000 | 471.600 |
| Bifreiðastyrkir | 296.307 | 300.000 | 295.836 |
| Ritföng, pappír og prentun | 250.636 | 300.000 | 309.245 |
| Internettengingar | 224.646 | 220.000 | 205.955 |
| Endurskoðun og uppgjörskostnaður | 154.750 | 170.000 | 114.900 |
| Smááhöld og viðhald áhalda og tækja | 226.976 | 250.000 | 257.138 |
| Gjaldfærður búnaður og tæki | 169.886 | 220.000 | 411.288 |
| Ferðakostnaður | 127.355 | 200.000 | 175.010 |
| Aðkeypt þjónusta | 103.235 | 150.000 | 0 |
| Þátttaka í kostnaði við ársskýrslu | 80.000 | 0 | 0 |
| Námskeið og fundir | 76.858 | 50.000 | 268.973 |
| Hreinlætisvörur | 75.345 | 0 | 48.185 |
| Vátryggingar | 51.113 | 100.000 | 0 |
| Auglýsingar og styrktarlínur | 43.900 | 100.000 | 53.407 |
| Tæknibækur, tímarit og blöð | 41.539 | 40.000 | 24.059 |
| Félagsgjöld og annar kostnaður | 23.500 | 100.000 | 46.219 |
| Rafmagn | 30.947 | 0 | 36.143 |
| Annar kostnaður | 0 | 0 | 85.230 |
| | 9.245.385 | 8.600.000 | 9.325.906 |

Menningarráð
Norðurlands vestra

# Ársskýrsla og ársreikningur Menningarráðs Norðurlands vestra 2007

**Skagaströnd 13. mars 2008**

### Inngangur

Í þessari ársskýrslu Menningarráðs verður greint frá störfum ráðsins á árinu 2007 og starfi menningarfulltrúa. Greint verður frá fyrsta umsóknarferli menningarstyrkja og lagt mat á þann árangur sem náðist á þessu fyrsta ári menningarsamnings.

## Yfirlit um starfsárið 2007

### Menningarsamningur ríkisvaldsins og SSNV

Þann 1. maí 2007 var skrifað undir tvo menningarsamninga á Staðarflöt í Hrútafirði, annars vegar milli ríkisvaldsins og Norðurlands vestra og hins vegar milli ríkisvaldsins og Vestfjarða. Það var Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sem skrifaði undir samningana fyrir hönd ríkisvaldsins en fyrir Norðurland vestra skrifaði Adolf H. Berndsen formaður samtaka sveitarfélaga á svæðinu. Fyrir Vestfirði skrifaði undir Anna Guðrún Edvardsdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.



Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, og Adolf H. Berndsen, formaður SSNV, við undirritun menningarsamnings.

Tilgangur menningarsamninga er að efla og styðja við menningarstarf og menningartengda ferðaþjónustu í þessum landshlutum. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin. Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna verða svokölluð menningarráð og munu þau standa fyrir þróunarstarfi í menningarmálum, auk þess að auglýsa og úthluta fjármagni til menningarverkefna og verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kvaðst ánægður með að samningarnir væru nú loks undirritaðir og sagðist sannfærður um að þeir myndu verða til þess að efla menningarstarf á svæðunum, eins og þegar hefði komið í ljós á Austurlandi þar sem slíkur samningur hefur verið í gildi í nokkur ár. Bæði samgönguráðuneyti og menntamálaráðuneyti leggja fé til samninganna.

Menningarsamningurinn gildir til þriggja ára eða út árið 2009. Gert er ráð fyrir 30 milljón króna framlagi frá ríkinu til menningarmála á Norðurlandi vestra árið 2007 en 32 milljónum og 33 milljónum á árunum 2008 og 2009. (Úr fréttatilkynningu).



Menningarráð og menningarfulltrúi: F.v. Adolf H. Berndsen, Pétur Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Björn Magnússon, Bjarni Þórisson og Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi.

## Skipan Menningarráðs 2007

Menningarráð Norðurlands vestra var þannig skipað við undirritun menningarsamningsins:

Adolf H. Berndsen, fulltrúi stjórnar SSNV
Björn Magnússon, Húnavatnshreppi
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Magnea K. Guðmundsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Þær breytingar urðu á ársþingi SSNV í ágúst 2007 að Bjarni Þórisson kom inn fyrir Magneu K. Guðmundsdóttur.

Menningarráð Norðurlands vestra er því núna þannig skipað:
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Adolf H. Berndsen, fulltrúi SSNV
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Björn Magnússon, Húnavatnshreppi
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Fyrsti fundur Menningarráðs, eftir undirritun menningarsamningsins, var haldinn 15. júní 2007. Alls hafa verið haldnir 7 fundir, auk aðalfundar. Allar fundargerðir má sjá á meðfylgjandi fylgiskjölum.

## Ráðning starfsmanns

Á fundi Menningarráðs, 15. júní 2007, var ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni í 50% starf. Alls bárust 11 umsóknir um starfið. Nefndin tók viðtal við þá umsækjendur sem helst voru taldir koma til greina. Í starfið var ráðinn Ingibergur Guðmundsson á Skagaströnd. Hann er með BA gráðu í íslensku og sagnfræði, ásamt kennsluréttindum og hefur áralanga reynslu af stjórnunarstörfum sem skólastjóri og síðan framkvæmdastjóri fiskmarkaðar, jafnframt þátttöku í menningarstarfi.

Ingibergur hóf starf 1. september. Auk þess að koma á fót skrifstofu var fyrsta umsóknarferli verkefnastyrkja aðalverkefni hans á haustmánuðum.

Helstu verkefni menningarfulltrúa eru tilgreind í starfslýsingu:
- Þróunarstörf og efling samstarfs um menningarmál innan svæðis, milli svæða og alþjóðlega.
- Fagleg ráðgjöf og verkefnastjórnun.
- Að afla og miðla upplýsingum um menningarmál á Norðurlandi vestra, m.a. með árlegri samantekt um dagskrá menningarstarfs á svæðinu.
- Að afla styrktaraðila til menningarstarfs á Norðurlandi vestra.
- Umsjón með auglýsingu, kynningu og úthlutun styrkja á grundvelli menningarsamninga.
- Dagleg umsýsla vegna starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra.

*Nánari starfslýsing menningarfulltrúa fylgir hér með sem fylgiskjal.*

## Opnun skrifstofu

Skrifstofa Menningarráðs Norðurlands vestra, að Bjarmanesi á Skagaströnd, var formlega opnuð föstudaginn 21. september 2007. Guðrún Helgadóttir, formaður ráðsins, bauð gesti velkomna. Í ræðu hennar kom fram að á þessu ári hafi fjórir nýir menningarfulltrúar verið ráðnir og með því hringnum lokað í samningum ríkis og sveitarfélaga um eflingu menningarstarfs á landsbyggðinni.

Formaður Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Adolf H. Berndsen, óskaði íbúum svæðisins til hamingju með nýgerðan samning ríkis og SSNV en samningurinn er forsenda fyrir þeim nýju verkefnastyrkjum á sviði menningarmála sem auglýstir hafa verið.

Við opnunina söng Alexandra Chernyshova, sópransöngkona á Hofsósi og stofnandi Óperu Skagafjarðar. Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi, lýsti þeirri von sinni að opnun skrifstofu og nýjar styrkveitingar myndu efla og auðga menningarstarf á Norðurlandi vestra. (Úr fréttatilkynningu)

## Merki Menningarráðs

Menningarráð stóð á haustdögum fyrir samkeppni um merki ráðsins. Frestur til að skila inn tillögum var veittur til 1. desember. Alls bárust 9 tillögur. Samþykkt var að taka tillögu Davíðs Más Sigurðssonar á Sauðárkróki.

Að sögn höfundar var merkið hannað eftir þeirri hugmynd að spinna einhverjar af náttúruperlum svæðisins saman í einfalt, stílhreint og virðulegt tákn sem ráðið gæti notast við til lengri tíma. Merkið vísar til Drangeyjar og Vatnsdalshólanna og í því má einnig lesa bókstafinn M.

# Styrkir Menningarráðs Norðurlands vestra

## Úthlutunarreglur og áherslur

Á fundi Menningarráðs 13. ágúst 2007 voru samþykktar úthlutunarreglur vegna úthlutunar verkefnastyrkja fyrir árið 2007. Þar segir m.a.: Við úthlutun úr sjóðnum skal hafa til hliðsjónar stefnumótun sveitarfélaga í menningarmálum, gæði verkefna, jafnræði umsækjenda, frumkvæði og fjölbreytni menningarstarfs.
Þá var einnig samþykkt að árið 2007 hefðu þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna verkefna:

- Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.
- Nýsköpun á sviði lista, menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu.

## Úthlutun styrkja

Á haustdögum auglýsti Menningarráð verkefnastyrki í fyrsta sinn, með umsóknarfresti til 1. október. Alls bárust 50 umsóknir þar sem beðið var um allt að 50 milljónir. Ákveðið var að veita styrk til 41 verkefnis, alls að upphæð 17.650 þús. kr.

Úthlutun styrkja fór fram við hátíðlega athöfn í Hóladómkirkju þann 26. október. Formaður ráðsins setti dagskrána og afhenti styrki. Karitas H. Gunnarsdóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, ávarpaði gesti. Þá skemmti tónlistarfólk af Norðurlandi vestra með söng og orgelleik.



Styrkhafar Menningarráðs 2007.



Guðrún Helgadóttir, formaður Menningarráðs, afhendir styrkhöfum viðurkenningu um verkefnastyrk.

## Verkefnastyrkir ársins 2007

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir þeim verkefnum sem fengu styrki og getið þeirra verkefna sem hæstu styrki fengu. Eins og áður sagði þá bárust 50 umsóknir en ein umsókn var dregin til baka. Umsóknir voru fjölbreyttar og báru vott um töluverða grósku í menningarlífi svæðisins. Einnig var ánægjulegt að sjá að umsóknir dreifðust nokkuð jafnt eftir landsvæðum, miðað við íbúafjölda þeirra.

**Hér á eftir má sjá nokkra flokkun umsókna og styrkja:**


Menningarráð Norðurlands vestra
Verkefnastyrkir 2007
þús. kr.
10000
9000
8000
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
0
Tónlist
Safnamál
Menningartengd...
Útgáfa
Hátíðir
Málþing/ráðstefnur
Leiklist
Sýningar
Annað
Umsókn
Úthlutun


Menningarráð Norðurlands vestra
Verkefnastyrkir 2007
Fjöldi
30
25
20
15
10
5
0
Skagafjörður
A-Hún
Húnaþing vestra
Utan svæðis
Fjöldi umsókna


Menningarráð Norðurlands vestra
Verkefnastyrkir 2007
þús. kr.
30000
20000
10000
0
Skagafjörður
A-Hún
Húnaþing vestra
Utan svæðis
Umsóknir
Úthlutanir


Menningarráð Norðurlands vestra
Verkefnastyrkir 2007
Fjöldi
30
25
20
15
10
5
0
Einstaklingar-hópar
Félög
Stofnanir
Sveitarfélög
Umsóknir
Úthlutun


Menningarráð Norðurlands vestra
Verkefnastyrkir 2007
þús. kr.
35000
30000
25000
20000
15000
10000
5000
0
Einstaklingar-hópar
Félög
Stofnanir
Sveitarfélög
Umsókn
Úthlutun

## Yfirlit yfir hæstu styrki

Að þessu sinni veitti Menningarráð 8 styrki, að upphæð ein milljón hver styrkur. Að öðru leyti er skiptingin sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 500 þús. kr. | 11 styrkir |
| 250 þús. kr. | 13 styrkir |
| 100 þús. kr. | 9 styrkir |

Alls er þetta 41 styrkur, samtals að upphæð 17.650 þúsund kr.

## Eftirtaldir aðilar hlutu styrk að upphæð 1 milljón kr.:



Karlakórinn Heimir hélt glæsilega tónleika sem voru helgaðir minningu Stefáns Íslandi.

**Karlakórinn Heimir, Skagafirði** til að minnast þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu stórsöngvarans Stefáns Íslandi sem var fæddur og uppalinn í Skagafirði. Karlakórinn hélt glæsilega tónleika í Varmahlíð 5. janúar 2008 þar sem Stefáns var minnst í tali og tónum. Alls mættu um 500 manns á tónleikana. Þá hefur Karlakórinn flutt þessa sömu dagskrá á Akureyri, Eskifirði, Egilsstöðum, Reykholti, Akranesi og í Reykjavík og alls staðar fyrir fullu húsi. Alls hafa um 2500 manns sótt þessa tónleika. www.heimir.is

**Áhugahópur um styttu af ferjumanninum** til að minnast *Jóns Ósmann ferjumanns* frá Utanverðunesi í Hegranesi í Skagafirði. Jón Ósmann var ferjumaður alla sína ævi, hóf starfið sem unglingur og sinnti því allt til dauðadags. Hann var rúmlega tveggja metra maður, þrekvaxinn og afrenndur að afli, sem nýttist honum vel í starfi. Í lifanda lífi var Jón Ósmann þegar orðinn þjóðsagnapersóna, þá var hann ferjumaður lengst allra á Íslandi. Samið hefur verið við Ragnhildi Stefánsdóttur myndhöggvara um að vinna verkið. Hefur styttunni verið fundinn staður þar sem vel sést yfir ós Vestari-Héraðsvatna og nánast á stígnum sem ferjumaðurinn gekk til og frá heimili sínu í Utanverðunesi. Áætluð verklok eru í júlí 2008. www.skagafjordur.com/ferjumadurinn

**Gauksmýri ehf., Húnaþingi vestra** til uppsetningar á safni um íslenska hrafninn. Íslenski hrafninn hefur ætíð skipað stóran sess hjá þjóðinni, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Ætlunin er að gera honum skil á sýningunni á sem margbreytilegastan hátt. Nú þegar er efnisöflun, heimildaleit og hönnun sýningar í fullum gangi. Áætluð verklok er í júní 2008.

**Grettistak ses., Húnaþingi vestra** til útgáfu bókar með tæplega 20 teikningum Halldórs Péturssonar af atburðum úr Grettissögu. Bókin verður sem næst A4 að stærð og þannig uppsett að á hægri síðu verður mynd og á vinstri síðu texti sem skýrir myndina og setur hana í samhengi við Grettissögu. Formála ritar Örnólfur Thorsson, íslenskufræðingur. Áætluð verklok eru í árslok 2008.

**Héraðsskjalasafn Skagfirðinga** til gerðar stafræns ljósmyndasafns. Skjalasafninu hafa áskotnast um 40.000 ljósmyndir frá Örlygi Hálfdánarsyni, bókaútgefanda. Þar á meðal eru 2400 myndafilmur Bruno Schweiser frá 1935-1936 og 20.000 ljósmyndir Páls Jónssonar frá 1938-1970. Markmiðið er að gera myndirnar aðgengilegar almenningi á netinu og til sýningarhalds. Áætluð verklok við ljósmyndun og tölvuvinnslu eru í árslok 2008.

**Ópera Skagafjarðar** til uppsetningar, upptöku, útgáfu og tónleikahalds á óperunni La Traviata. Markmiðið var að styrkja enn frekar sterkt tónlistarlíf í Skagafirði með uppsetningu á óperu. La Traviata var sýnd á sex sýningum víða um land og alls sóttu um 1300 manns sýningarnar. Þá er komin út vegleg myndabók frá sýningu á Akureyri og sýningin í heild sinni á DVD. Einnig er vinnsla á tvöföldum geisladiski með lögum frá sýningunni og heimildarmynd langt komin.

**Spákonuarfur, Skagaströnd** til að minnast Þórdísar spákonu og vinna heildstæða frásögn um sögu hennar. Þórdís spákona bjó á Spákonufelli á síðari hluta 10. aldar og er hennar víða getið í fornsögum og þjóðsögum. Nú þegar er lokið heimildasöfnun og ritun á sögu Þórdísar og verið er að semja við rithöfund um gerð leikverks í tali og tónum. Þá er í undirbúningi Þórdísarganga þar sem frásagnir af Þórdísi og leitin að gullkistum hennar verður í forgrunni. Áætluð verklok eru í október 2008.

**Textílsetur Íslands, Blönduósi** til að halda norrænt textílþing og textíllistasýningu á Blönduósi 12.-15. júní 2008, í samvinnu við NTA , norrænu textílsamtökin. Áætlaður fjöldi gesta er um 120-150 manns. Fyrirlesarar verða bæði íslenskir og erlendir.

## Mat á árangri

Vegna þess hve seint á árinu var auglýst þá tók Menningarráðið þá ákvörðun að veita einnig styrki til verkefna á árinu 2007 sem þegar var lokið eða voru í vinnslu. Einnig samþykkti ráðið að miða ekki lok verkefna við áramót heldur mættu þau ganga fram á árið 2008.

Umsóknir voru fjölbreyttar og spönnuðu margvísleg svið menningarstarfs. Bæði var um hefðbundin verkefni að ræða en einnig ný og framsækin verkefni sem auka fjölbreytnina.

Þegar þetta er ritað, í lok febrúar 2008, hafa borist lokaskýrslur um 16 verkefni og eitt verkefni hefur fengið lengdan skilafrest. Vitað er að flest hinna verkefnanna eru í fullum gangi eða er jafnvel lokið þó ekki hafi lokaskýrsla borist.

Ljóst er að verkefnastyrkir Menningarráðs hafa haft töluverð áhrif og verið hvati til nýbreytni og framfara. Ennþá er þó of snemmt að meta heildarárangur þessa fyrsta áfanga þar sem enn vantar nokkuð af lokaskýrslum. En byrjunin lofar góðu.

## Starfsemi Menningarráðs og menningarfulltrúa

### Almenn starfsemi

Þetta fyrsta starfsár markaðist nokkuð af því hversu seint raunveruleg starfsemi hófst. Menningarsamningur var undirritaður 1. maí, þá tók við ráðning starfsmanns, ákvarðanir um úthlutunarreglur o.fl. og það var ekki fyrr en 1. september sem menningarfulltrúi tók til starfa í hálfu starfi.

September og október fór að mestu í undirbúning, auglýsingu og úthlutun verkefnastyrkja. Eftir það tóku við greiðslur styrkja, endurmat styrkferilsins, undirbúningur væntanlegrar ráðstefnu um menningartengda ferðaþjónustu, vinna vegna samkeppni um merki fyrir ráðið og fjölmargt fleira. Þá sótti menningarfulltrúi marga menningarviðburði á Norðurlandi vestra.

### Kynning á starfseminni

Menningarráðið og menningarfulltrúi leituðust við að kynna starfsemi ráðsins eins mikið og oft og tækifæri gáfust til. Verkefnastyrkir voru kynntir með auglýsingum og fréttatilkynningum, formaður ráðsins veitti viðtöl í útvarpi og svæðisfréttablaðinu Feyki og úthlutun verkefnastyrkja og opnun skrifstofu var kynnt sérstaklega í fjölmiðlum.

### Ráðgjöf

Menningarfulltrúi veitti nokkrum aðilum á svæðinu ráðgjöf varðandi þau verkefni sem viðkomandi voru með í gangi. Þá tók hann saman lista yfir helstu sjóði, innlenda og erlenda, bæði opinbera og sjóði fyrirtækja, sem styrkja menningarstarf. Þessum lista var dreift til sem flestra aðila á svæðinu er sinna menningarstarfi. Þá heimsótti hann fjölmarga aðila sem sinna menningarlífinu í einni eða annarri mynd.

### Samstarf menningarfulltrúa

Síðastliðið haust var hringnum lokað í ráðningu menningarfulltrúa fyrir „gömlu“

kjördæmin utan Reykjavíkursvæðisins en þeir voru þá orðnir sex. Menningarráð Vesturlands stóð fyrir ráðstefnu á Bifröst þann 27. október og eftir hana hittust allir menningarfulltrúarnir og báru saman bækur sínar. Var það mjög gagnlegur fundur. Stefnt er að því að menningarfulltrúarnir hittist a.m.k. einu sinni /tvisvar á hverju ári.

## Fjármál Menningarráðs

Reikningar Menningarráðs fyrir árið 2007 fylgja með aftast í þessari ársskýrslu.

## Samantekt

Starf Menningarráðs og menningarfulltrúa er nýr vettvangur menningarstarfs á Norðurlandi vestra. Miklar vonir eru bundnar við samninginn og áhrif hans á menningarlífið. Þó aðeins séu liðnir tæpir sex mánuðir frá því fyrsta auglýsingin birtist má merkja nú þegar vaxandi áhuga og merki þess að fólk veit að aukið fjármagn er í boði. Eins er líklegra að fólk þori að leggja í stærri og viðameiri verkefni sem sum hver geta orðið atvinnuskapandi með tíð og tíma.

## Lokaorð

Menningarráð Norðurlands vestra lýsir yfir mikilli ánægju með starf fulltrúa ríkisins og sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra í þessu máli. Eiga allir þeir aðilar sem að málinu koma miklar þakkir skildar.

Menningaráð og menningarfulltrúi vilja að lokum þakka þeim fjölmörgu sem þau hafa átt samskipti við á árinu 2007.

Skagaströnd 29. febrúar 2008.

Guðrún Helgadóttir, formaður
Adolf H. Berndsen
Bjarni Þórisson
Björn Magnússon
Pétur Jónsson
Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi Norðurlands vestra

## Fylgiskjöl

***Menningarráð Norðurlands vestra auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki á sviði menningarmála vegna ársins 2007.***

Um verkefnastyrki á grundvelli menningarsamnings ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Umsækjendum er bent á að kynna sér nánar úthlutunarreglur og sérstakar áherslur ársins 2007, menningarsamninginn og stefnumótun í menningarmálum á www.ssnv.is undir liðnum Menningarráð.



Sólveig S. Einarsdóttir stóð fyrir námskeiði fyrir kórsöngvara á Norðurlandi og víðar.

Menningarráð Norðurlands vestra hefur ákveðið að árið 2007 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.
- Nýsköpun á sviði lista, menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Umsókn ásamt greinargóðri lýsingu á verkefninu með verk- og fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur og ábyrgðaraðila skal send Menningarfulltrúa Norðurlands vestra, Bjarmanesi, 545 Skagaströnd eigi síðar en 1. október 2007.

Nánari upplýsingar veita Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi Norðurlands vestra s. 8923080, netfang menning@ssnv.is og Guðrún Helgadóttir formaður Menningarráðs Norðurlands vestra, s. 453 6585, netfang gudr@holar.is.

**Menningarráð Norðurlands vestra.**

## Úthlutunarreglur 2007

1. Tilgangur menningarstyrkja er, skv. samningi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra annars vegar og menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis hins vegar frá 1. maí 2007, að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu. Við úthlutun úr sjóðnum skal hafa til hliðsjónar stefnumótun sveitarfélaga í menningarmálum, gæði verkefna, jafnræði umsækjenda, frumkvæði og fjölbreytni menningarstarfs.
2. Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Norðurlandi vestra.
3. Menningarráð Norðurlands vestra skal árlega auglýsa eftir umsóknum í viðurkenndum auglýsingamiðlum á svæðinu eða á annan tryggilegan hátt og kynna úthlutunarreglur sjóðsins.
4. Menningarráð getur innan ramma stefnumótunar í menningarmálum, haft breytilegar áherslur á milli ára, varðandi úthlutun úr sjóðnum. Áherslur skal ætíð kynna þegar auglýst er eftir umsóknum.
5. Umsækjendur skulu sýna fram á mótframlag á móti styrkjum Menningarráðs. Styrkir ráðsins geta að jafnaði ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 50% af heildarkostnaði verkefnis.
6. Með umsókninni skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu með verk- og fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur og ábyrgðaraðila.
7. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, og ber ábyrgð á þeim þáttum sem og öðrum þáttum verkefnisins.
8. Menningarráð Norðurlands vestra og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu, lokaskýrslu og eftirfylgni. Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu ( lokaskýrslu ) um framkvæmd og árangur verkefnisins fyrir 1. febrúar 2008. Að öðru leyti ber styrkþega að veita Menningarráði Norðurlands vestra upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.

**Menningarráð Norðurlands vestra 13. ágúst 2007.**

## Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 15. júní 2007, kl. 13:00, í fundarsal ráðhúss á Sauðárkróki

Mætt voru Guðrún Helgadóttir, Pétur Jónsson, Adolf H. Berndsen, Magnea K. Guðmundsdóttir, Björn Magnússon var í símasambandi frá kl 13:30 til 14:00 og Jón Óskar Pétursson sem ritaði fundargerð.
Formaður, Guðrún Helgadóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Menningarsamningur Norðurlands vestra. Samningurinn lagður fram til kynningar.
2. Samstarfssamningur sveitarfélaga um menningarmál: Fram komu athugasemdir.
3. Frá Skagabyggð og Sveitarfélaginu Skagafirði varðandi ákvæði um kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna. Við 5. grein samningsins bætist eftirfarandi*: skipting þeirra framlaga sem sveitarfélögin leggi sameiginlega til samningsins, það er, verkefnastyrkir og rekstrarkostnaður, verði miðuð við íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. desember árið áður.*
4. Ráðið samþykkir breytinguna. GH ræddi stöðu menningarsjóða sveitarfélaganna gagnvart menningarsamningi. AHB spurðist fyrir um stöðu menningartengdrar ferðaþjónustu innan samstarfssamnings sveitarfélaganna.
5. Úthlutunarreglur: Lagðar fram tillögur frá fráfarandi menningarráði frá árinu 2005.
6. Ráðið samþykkir lítilsháttar breytingar á orðalagi. Samþykkt að úthluta menningarstyrkjum tvisvar á ári og umsóknum skal skilað fyrir 15. mars og 15. september ár hvert.
7. Samþykktir fyrir menningarráðið: Samþykkt með lítilsháttar breytingum á orðalagi.
8. Starfsmannamál og umsjón samningsins: Formaður fór yfir tillögur að starfslýsingu væntanlegs starfsmanns. Gert er ráð fyrir að auglýsa eftir starfsmanni í 50% starf. PJ telur 50% starf ekki nægjanlegt og telur starfið það umfangsmikið að 100% starfshlutfall sé vænlegra. AHB, GH og BM ræddu kosti og galla 50% starfshlutfalls samanborið við 100% með tilliti til annarrar fjáröflunar og annarra verkefna. Ráðið samþykkir að fela formanni og framkvæmdastjóra að auglýsa eftir starfsmanni í 50% starf á grundvelli framlagðra gagna.
9. Önnur mál.
    - 01. Formaður lagði fram tillögu að samkeppni um merki menningarmála. Ráðið felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna málið frekar.
    - 02. AHB ræddi siðareglur menningarráðs. Ráðið er sammála um að menningarráð setji sér siðareglur. Formanni falið að afla upplýsinga um siðareglur annarra menningarráða.
    - 03. Rætt um möguleika á því að fá Signýju Ormarsdóttur á fund menningarráðs. Ákveðið að næsti fundur verði 23. júlí í Húnaþingi vestra.

*Jón Óskar Pétursson, fundarritari.*

## Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 23. júlí 2007, kl 10:00, í fundarsal SSNV á Hvammstanga

Mætt voru Guðrún Helgadóttir, Pétur Jónsson, Adolf H. Berndsen, Björn Magnússon og Jón Óskar Pétursson sem ritaði fundargerð.
Guðrún Helgadóttir formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Umsóknir um starf menningarfulltrúa. Farið yfir umsóknir. Alls bárust 11 umsóknir um starf menningarfulltrúa Norðurlands vestra. Ákveðið að ræða nánar við þá umsækjendur sem helst koma til greina. Samþykkt að boða umsækjendur til fundar á Blönduósi mánudaginn 30. júlí, kl. 9:30.
2. Önnur mál.
   01. Fundargerðir Menningarráðs: Samþykkt að birta fundargerðir menningarráðs á vef SSNV.
   02. Merki menningarráðs: Framkvæmdastjóra falið að auglýsa samkeppni um merki menningarráðs.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11:30
*Jón Óskar Pétursson fundarritari.*

## Símafundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 1. ágúst 2007, kl. 09:00.

Miðvikudaginn 1. ágúst 2007 var haldinn símafundur í Menningarráði Norðurlands vestra.
Mætt voru Guðrún Helgadóttir, Björn Magnússon, Pétur Jónsson, Adolf H. Berndsen og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV sem ritaði fundargerð.
Formaður, Guðrún Helgadóttir, setti fund og stjórnaði honum:

1. Ráðning menningarfulltrúa. Menningarráð samþykkir að ráða Ingiberg Guðmundsson, kt: 161153-7619, Bogabraut 13, 545 Skagaströnd, í starf Menningarfulltrúa Norðurlands vestra. Formanni og framkvæmdastjóra SSNV falið að ganga frá ráðningarsamningi við Ingiberg.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 09:30.
*Jón Óskar Pétursson, fundarritari.*

## Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 13. ágúst 2007, kl. 16:00, að Gauksmýri í Húnaþingi vestra.

Mætt voru Guðrún Helgadóttir, Pétur Jónsson, Adolf H. Berndsen, Björn Magnússon, Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV sem ritaði fundargerð. Magnea Guðmundsdóttir boðaði forföll.
Guðrún Helgadóttir formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Um aðalfund Menningarráðs. Rætt um aðalfund Menningarráðs. Samþykkt að halda aðalfund Menningarráðs föstudaginn 24. ágúst kl. 16:30 á Húnavöllum í Húnavatnshreppi. Formanni og framkvæmdastjóra SSNV falið að boða til fundarins.
2. Úthlutunarreglur. Rætt um úthlutunarreglur menningarsjóðs og eftirfarandi reglur samþykktar.
   - 01. Tilgangur menningarstyrkja er, skv. samningi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra annars vegar og menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis hins vegar frá maí 2007, að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu. Við úthlutun úr sjóðnum skal hafa til hliðsjónar stefnumótun sveitarfélaga í menningarmálum, gæði verkefna, jafnræði umsækjenda, frumkvæði og fjölbreytni menningarstarfs.
   - 02. Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Norðurlandi vestra.
   - 03. Menningarráð Norðurlands vestra skal árlega auglýsa eftir umsóknum í viðurkenndum auglýsingamiðlum á svæðinu eða á annan tryggilegan hátt og kynna úthlutunarreglur sjóðsins.
   - 04. Menningarráð getur innan ramma stefnumótunar í menningarmálum, haft breytilegar áherslur á milli ára, varðandi úthlutun úr sjóðnum. Áherslur skal ætíð kynna þegar auglýst er eftir umsóknum.
   - 05. Umsækjendur skulu sýna fram á mótframlag á móti styrkjum Menningarráðs. Styrkir ráðsins geta að jafnaði ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 50% af heildarkostnaði verkefnis.
   - 06. Með umsókninni skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu með verk- og fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur og ábyrgðaraðila.
   - 07. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, og ber ábyrgð á þeim þáttum sem og öðrum þáttum verkefnisins.
   - 08. Menningarráð Norðurlands vestra og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu, lokaskýrslu og eftirfylgni. Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu ( lokaskýrslu ) um framkvæmd og árangur verkefnisins fyrir 1. febrúar 2008. Að öðru leyti ber styrkþega að veita Menningarráði Norðurlands vestra upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11:30.
*Jón Óskar Pétursson fundarritari.*

## Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 24. ágúst 2007, haldinn að Húnavöllum, kl. 16:30, í tengslum við ársþing SSNV.

Mættir voru kjörnir fulltrúar á ársþing SSNV frá aðildarsveitarfélögum menningarsamnings Norðurlands vestra við ríkið, auk Menningarráðs og starfsmanna SSNV.

Dagskrá:
1. Undirritun samstarfssamnings sveitarfélaga á Norðurl. vestra um menningarmál.
2. Hefðbundin aðalfundarstörf.
3. Starfsskýrsla menningarráðs.
4. Ársreikningur.
5. Áætlanir kynntar.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:
Guðrún Helgadóttir formaður Menningarráðs setti fundinn og lýsti dagskrá. Lagði hún til að Rafn Sigurbjörnsson stýrði fundi og Þorleifur Ingvarsson og Katrín María Andrésdóttir rituðu fundargerð. Var það samþykkt og tóku þau til starfa.

01. Fulltrúar sveitarfélaga sem aðild eiga að menningarsamningi Norðurlands vestra við ríkið undirrituðu samstarfssamning sveitarfélaganna um menningarmál.
02. Guðrún Helgadóttir kynnti starfsskýrslu menningarráðs. Menningarsamningur við ríkið var undirritaður 1. maí sl. Ingibergur Guðmundsson hefur verið ráðinn sem menningarfulltrúi og hefur hann störf á næstu dögum.
03. Næstu verkefni verða að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr menningarsjóði og kynna starfsemi og hlutverk menningarráðs. Þá verður lögð áhersla á að mynda tengsl við önnur menningarráð, menningarfulltrúa og ráðuneyti menntamála- og ferðamála. Starfsskýrsla og áætlun hefur þegar verið send sveitarfélögunum til kynningar.
04. Guðrún fór yfir þær breytingatillögur sem liggja fyrir fundinum á samþykktum fyrir Menningarráð Norðurlands vestra. Breytingartillögurnar voru sendar út til aðildarsveitarfélaga menningarsamningsins á Norðurlandi vestra fyrir fundinn.
05. Fundarstjóri bar tillögur að breytingum á samþykktum fyrir Menningarráð SSNV upp til afgreiðslu. Voru þær allar samþykktar án athugasemda.
06. Önnur mál - engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.

## Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra 21. september 2007, kl. 14.00, að Bjarmanesi á Skagaströnd.

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Bjarni Þórisson boðaði forföll. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Menningarstyrkir - umsóknir.
2. Farið yfir vinnuferli varðandi meðferð umsókna. Samþykkt að fjalla um umsóknirnar á næsta fundi ráðsins, fimmtudaginn 4. október.
3. Kynningarferð ráðsins.
4. Afgreiðslu málsins frestað.
5. Merki Menningarráðs.
6. Samþykkt að leita eftir því við Guðmund Odd Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands, að verða ráðgjafi nefndarinnar við val á merki. Menningarfulltrúa falið að koma með tillögu á næsta fund um framkvæmd málsins.
7. Fjárhagsmál
8. A) Fyrir fundinum lá samningur við Sveitarfélagið Skagaströnd um húsaleigu vegna skrifstofu ráðsins. Samningurinn samþykktur.
9. B) Menningarfulltrúa falið að senda sveitarfélögunum bréf vegna framlags þeirra árið 2008 skv. menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga á Nl. v.
10. Menningarverðlaun / Listamaður Norðurlands vestra
11. Afgreiðslu málsins frestað.
12. Skýrsla menningarfulltrúa
13. Ingibergur skýrði frá verkefnum sínum þær þrjár vikur sem hann hefur verið að störfum.
14. Önnur mál.

Formleg opnun skrifstofu ráðsins kl. 16.00: Gengið frá dagskrá opnunarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
*Ingibergur Guðmundsson*



Leikfélag Sauðárkróks frumsýndi barnasöngleikinn Alínu.

## Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra 4. október 2007, kl. 13.00, að Bjarmanesi á Skagaströnd.

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni Þórisson, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Menningarstyrkir.
2. Alls bárust 50 umsóknir en ein umsókn hafði verið dregin til baka. Styrkbeiðnir námu samtals rúmum 46 milljónum kr. Menningarráðið samþykkti að styrkja 41 umsókn að upphæð17.650 þús. kr.
3. Drög að samningsformi við styrkhafa.
4. Fyrir fundinum lágu drög að samningsformi við væntanlega styrkhafa og voru þau samþykkt.
5. Úthlutunarhátíð
6. Samþykkt að úthlutun styrkja fari fram föstudaginn 26. okt., kl. 17.00. Menningarfulltrúa falin nánari útfærsla málsins.
7. Merki fyrir ráðið.
8. Samþykkt að auglýsa eftir tillögum um merki ráðsins, umsóknarfrestur er til 1. desember.
9. Önnur mál.
10. Samþykkt að á næsta ári verði tvær úthlutanir verkefnastyrkja, með umsóknarfresti 15. mars og 15. september.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.00.
*Ingibergur Guðmundsson*

| Menningarráð Norðurlands vestra – Úthlutun 2007 | | | Úthlutun |
|---|---|---|---|
| Nr. | Umsækjandi | Verkefni | þús. kr. |
| 1 | Leikfélag Sauðárkróks | Barnaleikritið Alína - frumsýning | 500 |
| 2 | Grettistak ses. Húnaþingi vestra | Útg. bókar - myndir Halldórs Péturssonar úr Grettissögu | 1000 |
| 3 | Grettistak ses. Húnaþingi vestra | Grettishátíð 2007 | 250 |
| 4 | Selasetrið Hvammstanga | Listsýningin Spik | 250 |
| 5 | Alexandra Chernyshova Hofsósi | Útg. geisladisks + 7 tónleikar | 500 |
| 6 | Ópera Skagafjarðar | La Traviata - tónleikar - upptaka - myndband | 1000 |
| 7 | Sóknarnefnd Hvammstangakirkju | 50 ára vígsluafmæli Hvammstangakirkju | 250 |
| 8 | Sólveig S. Einarsdóttir Húnavatnshreppi | Söngdagar á Húnavöllum og tónleikar | 500 |
| 9 | Menningarmálanefnd Skagastrandar | Spákonufellshöfði - gönguleið | 100 |
| 10 | Menningarmálanefnd Skagastrandar | Húsin okkar - nöfnin, sagan og sérkennin | 500 |
| 11 | Byggðasafn Skagfirðinga | Vefsjá | 500 |
| 12 | Byggðasafn Skagfirðinga | Gömlu verkstæðin - myndræn gerð sýningarskrár | 250 |
| 13 | Byggðasafn Skagfirðinga | Glaumbær, kirkja og staður - útgáfa smárits | 250 |
| 14 | Byggðasafn Skagf.+Héraðsskjalasafn Skagf. | Húsakönnun í dreifbýli | 250 |
| 15 | Spákonuarfur Skagaströnd | Gerð leikþáttar um Þórdísi spákonu o.fl. | 1000 |
| 16 | Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi | Sumarsýning - Hildur Bjarnadóttir | 100 |
| 17 | Klausturstofa Þingeyrum | Gerð margmiðlunarsýningar | 500 |
| 18 | Sigurlaugur Elíasson ofl Sauðárkróki | Útgáfa myndlistarbókar um Elías B. Halldórsson myndlistarmann | 500 |
| 19 | Byggðasafnið að Reykjum ofl | Menningarhringurinn | 500 |
| 20 | Samkórinn Björk A-Hún | Útgáfa geisladisks | 250 |
| 21 | Samkórinn Björk + Karlakór Bólstaðarhlhr. | Söngur um sumarmál - tónleikar | 100 |
| 22 | Fornverkaskólinn Skagafirði | Verkefnastjórn námskeiða um fornt handverk | 100 |
| 23 | Gauksmýri ehf. Húnaþingi vestra | Hrafnaþing - upps. safns og sýningar um ísl. hrafninn | 1000 |
| 24 | Guðný Jóhannesdóttir og Karl Jónsson Sauðárkr. | Útgáfa bæklingsins - Leyndardómar Norðurlands vestra | 250 |
| 25 | Karlakórinn Heimir | Dagskrá um Stefán Íslandi | 1000 |
| 26 | Helga Ingimarsdóttir Skagabyggð | Hafnabúðir - merking gamalla verbúða | 250 |
| 27 | Sögufélag Skagfirðinga | Rafræn skráning nafnaskrár Skagfirskra æviskráa | 250 |
| 28 | Safnahús Skagfirðinga | Ljósmyndasýning - Úr myndaalbúmi Michelsenfjölskyldunnar | 100 |
| 29 | Pétur I. Björnsson + Óli A Brynjarsson Sauðárkr. | Ljósmyndasýning - Horft til himins | 250 |
| 30 | Listasafn Skagfirðinga | Myndlistar- og sögusýning - Enn mun reimt á Kili | 100 |
| 31 | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga | Gerð stafræns ljósmyndasafns | 1000 |
| 32 | Byggðasaga Skagafjarðar + Byggðasafn Skagf. | Byggðasögurannsókn eyðibýla.. | 500 |
| 33 | Sögusetur íslenska hestsins Hólum | Theodórsstofa sérsýning | 500 |
| 34 | Sögusetur íslenska hestsins Hólum | Gerð heimildabanka um íslenska hestinn | 500 |
| 35 | Áhugahópur um minnisvarða um ferjumanninn | Gerð bronsstyttu af Jóni Ósmann | 1000 |
| 36 | Hafíssetrið ofl Blönduósi | Sjóleiðin norður til Kína - málþing um hafís og siglingar á norðurslóðum | 250 |
| 37 | Guðmundur Helgason Húnaþingi vestra | Söngkonur í Húnaþingi vestra - tónleikar | 100 |
| 38 | Guðbrandsstofnun Hólum | Ráðstefna um Kolbein Tumason og sálm hans | 100 |
| 39 | Guðbrandsstofnun Hólum | Stofnun tónlistarakademíu um gamla tónlist | 100 |
| 40 | Guðbrandsstofnun Hólum | Námskeið um grunngildin og siðfræði | 250 |
| 41 | Textílsetur Íslands Blönduósi | Norrænt textílþing og textíllistasýning | 1000 |
| | | | 17.650 |



*Hildur Bjarnadóttir, veflistakona, var með sýningu í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi*

**Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra 19. nóvember 2007, kl. 14.30, í Vesturfarasetrinu á Hofsósi.**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni Þórisson, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Verkefnastyrkir 2007
2. Farið var yfir allt ferlið, frá því að úthlutunarreglur voru samdar og til dagsins í dag.
3. Starfs- og fjárhagsáætlun f. árið 2008
4. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 var endurskoðuð. Samþykkt að ráða Ingiberg Guðmundsson menningarfulltrúa í fullt starf frá og með 1. janúar nk. Þá voru samþykkt drög að starfsáætlun fyrir næsta ár.
5. Ráðstefna um menningartengda ferðaþjónustu
6. Ákveðið að leita eftir samstarfi við Ferðamáladeild Hólaskóla o.fl. aðila um ráðstefnuhald á næsta ári þar sem rædd yrðu málefni menningartengdrar ferðaþjónustu.
7. Heimasíða menningarráðs
8. Samþykkt að heimasíða ráðsins verði áfram vistuð hjá SSNV.
9. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
10. Borist hafði bréf frá framkvæmdastjóra SSNV um þátttöku í væntanlegum Vaxtarsamningi Norðurlands vestra. Menningarráðið samþykkti aðild að samningnum með 500 þús. kr. árlegu framlagi næstu þrjú árin. Það framlag er í formi sérfræðivinnu.
11. Önnur mál

A) Valgeir Þorvaldsson framkvæmdastjóri Vesturfarasetursins mætti á fundinn og sagði frá því sem þar er í gangi.
B) Rætt um umsókn sem barst of seint. Viðkomandi aðila bent á að næsti umsóknarfrestur er 15. mars 2008.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.30.
*Ingibergur Guðmundsson*

## Samþykktir Menningarráðs Norðurlands vestra

**1. grein**
Menningarráð Norðurlands vestra er ráð sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Heimili þess og varnarþing er á Norðurlandi vestra.

**2. grein**
Tilgangur ráðsins er að efla menningarstarf á Norðurlandi vestra.

**3. grein**
Tilgangi sínum hyggst Menningarráðið ná með því að standa fyrir þróunarstarfi í menningarmálum, standa vörð um menningararf og menningarverðmæti, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða, stuðla að almennri kynningu og vitund um menningarmál. Þá úthlutar Menningarráð Norðurlands vestra fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

**4. grein**
Aðild að Menningarráði Norðurlands vestra eiga sveitarfélögin: Húnaþing vestra, Blönduósbær, Höfðahreppur, Skagabyggð, Húnavatnshreppur, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður.

**5. grein**
Menningarráð Norðurlands vestra er skipað fimm fulltrúum og skulu fjórir þeirra kosnir á ársþingi SSNV; einn fulltrúi úr Húnaþingi vestra, einn fulltrúi úr Austur Húnavatnssýslu og tveir fulltrúar úr Skagafirði. Fimmti fulltrúinn í menningarráði skal skipaður af stjórn SSNV. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.

Menningarráð skal kjósa til tveggja ára í senn. Ráðið skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Þá skal einnig kjósa skoðunarmenn reikninga (tveir fulltrúar og tveir til vara) til tveggja ára. Skoðunarmenn reikninga má ekki kjósa úr hópi fulltrúa í Menningarráðinu eða starfsmanna ráðsins.

**6. grein**
Menningarráði Norðurlands vestra er heimilt að gera þjónustusamninga við fyrirtæki, félög og einstaklinga á svæðinu um að annast skilgreind verkefni á vegum ráðsins. Slíkir þjónustusamningar skulu greina ítarlega frá gagnkvæmum skuldbindingum þjónustukaupa og þjónustusala.

**7. grein**
Aðalfund Menningarráðs Norðurlands vestra skal halda ár hvert fyrir 1. júní. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum menningarráðsins og telst lögmætur ef löglega er til hans boðað. Sveitarstjórnir tilnefna atkvæðisbæra fulltrúa sína á aðalfundinn með sama hætti og til ársþings SSNV en fundurinn er öllum opinn og skal sérstaklega hvatt til þátttöku þeirra er starfa að menningarmálum á svæðinu.

**8. grein**
Formaður Menningarráðs Norðurlands vestra setur aðalfundi.
Fundurinn kýs fundarstjóra og fundarritara.
Á hverjum aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- Skýrsla um starfsemi menningarráðsins á liðnu starfsári.
- Ársreikningur menningarráðsins fyrir liðið ár lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda ef einhverjar eru.
- Framkvæmda- og fjárhagsáætlun næsta árs og breytingar á framlögum skv. samningi við ríkið.
- Ákvörðun um þóknun til fulltrúa í menningarráðinu.
- Önnur mál.

**9. grein**
Á aðalfundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt um í landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og á móti telst hún fallin. Hver aðalfundarfulltrúi hefur eitt atkvæði á aðalfundi.

**10. grein**
Megin skyldustörf Menningarráðs Norðurlands vestra eru:

- Að marka stefnu ráðsins milli aðalfunda sem m.a. felst í því að standa fyrir þróunarstarfi í menningarmálum, standa vörð um menningararf og menningarverðmæti, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri kynningu og vitund um menningarmál.
- Að annast rekstur ráðsins og sjá um að bókhald þess og fjármál séu í lagi og standist lög og reglur þar að lútandi.
- Að setja fram og kynna úthlutunarreglur fyrir menningarsjóðinn.
- Að úthluta fjármagni til menningarverkefna samkvæmt samningi á milli sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og ríkisins.

**11. grein**
Menningarráð Norðurlands vestra skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrki af því fjármagni sem það hefur til umráða samkvæmt samningi ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál. Sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar á Norðurlandi vestra geta sótt um styrki til menningarráðsins. Við úthlutun styrkja skal hafa til hliðsjónar gæði verkefna og fjölbreytni menningarstarfs. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að viðkomandi

umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins og geri grein fyrir framgangi og árangri verkefnisins skv. beiðni Menningarráðsins. Að öðru leyti skal Menningarráð Norðurlands vestra vinna samkvæmt stefnu um menningarmál á Norðurlandi vestra.

**12. grein**
Formaður Menningarráðs boðar fundi og stýrir þeim. Fundi skal boða hvenær sem formaður telur þess þörf, eða tveir fulltrúar óska þess.

Fundi Menningarráðsins skal boða með tryggilegum hætti. Fundur er ályktunarbær ef meirihluti ráðsins situr fundinn. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum Menningarráðsins. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns, eða varaformanns í forföllum hans, úrslitum. Fundargerðir og samþykktir skulu bókfærðar og undirritaðar af þeim sem fundinn sitja.

**13. grein**
Reikningsár ráðsins er almanaksárið.
Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og skal hann hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal hann gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju. Þá skal ársreikningur staðfestur af löggiltum endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum sem kosnir eru á aðalfundi.

**14. grein**
Kostnaður vegna stjórnunar og annarrar starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra skal greiddur af þeim framlögum sem renna til menningarráðsins frá ríki og aðildarsveitarfélögunum.

**15. grein**
Menningarráðið skal fyrir lok febrúar ár hvert, senda ráðuneytum menningarmála og ferðamála skýrslu um framkvæmd samningsins á fyrra ári. Þar skal m.a. koma fram skipting framlaga samkvæmt samningi milli sveitarfélaga og ríkis um menningarmál og mat á árangri verkefna sem hlutu styrk. Skýrslunni skulu fylgja afrit samninga við styrkþega.

**16. grein**
Samþykktum ráðsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Skal tillaga um breytingu á samþykktum send með fundarboði. Breytingartillaga verður að berast Menningarráði 6 vikum fyrir aðalfund. Tillaga til breytingar á samþykktum ráðsins telst samþykkt ef 2/3 aðalfundarfulltrúa greiða henni atkvæði.

**17. grein**
Ákvörðun um að slíta Menningarráði Norðurlands vestra skal tekin á aðalfundi og skal hún hljóta minnst 2/3 hluta atkvæða. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu Menningarráðsins við önnur félög og um sölu á eignum þess.

Fundur sá sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta Menningarráði Norðurlands vestra, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og skuldum og standa við þær skuldbindingar og samninga sem kunna að vera í gildi á þeim tíma.

## Starfslýsing fyrir starfsmann Menningarráðs Norðurlands vestra

Starfsmaður ráðsins annast umsjón með framfylgd samninga um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál og um samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál.

Helstu verkefni:

- Þróunarstarf og efling samstarfs um menningarmál innan svæðis, milli svæða og alþjóðlega. Starfsmaður skal hafa frumkvæði að þróunarverkefnum og samstarfsverkefnum f.h. menningarráðs, leita eftir samstarfi á lands- og alþjóðavísu við sjálfstætt starfandi lista- og fræðimenn, þjóðmenningarstofnanir, skóla og félagasamtök.
- Fagleg ráðgjöf og verkefnastjórnun. Starfsmaður skal sinna ráðgjöf um rekstur, skipulag, markaðssetningu og fjármögnun menningarstarfs fyrir aðila á Norðurlandi vestra.
- Að afla og miðla upplýsingum um menningarmál á Norðurlandi vestra, m.a. árlegri samantekt um dagskrá menningarstarfs á svæðinu. Starfsmaður skal sjá um að dagskrá menningarstarfs á Norðurlandi vestra sé kynnt á vefsíðu Menningarráðs og hafa yfirlit um menningarviðburði, þ.e. fjölda þeirra, aðsókn og rekstur. Starfsmaður skal eftir föngum sækja menningarviðburði og fara á fund forsvarsfólks menningarstarfs í sveitarfélögunum til að tryggja flæði upplýsinga.
- Að afla styrktaraðila til menningarstarfs á Norðurlandi vestra. Starfsmaður skal vinna f.h. menningarráðs að gerð samninga um kostun og vinna að umsóknum um verkefnastyrki fyrir ráðið til innlendra og erlendra styrktaraðila.
- Umsjón með auglýsingu, kynningu og úthlutun styrkja á grundvelli menningarsamninga. Starfsmaður sér um að framfylgja ákvörðunum menningarráðs um auglýsingu styrkja, tekur við umsóknum, svarar fyrirspurnum, undirbýr úthlutun og sér um að kynna ákvörðun menningarráðs um úthlutanir.
- Dagleg umsýsla vegna starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra. Starfsmaður vinnur í samstarfi við formann menningarráðs og bókhald SSNV ársáætlun og ársskýrslu og sér um að kynna hana ráðuneytum og stjórn SSNV. Starfsmaður sér um að vefsíða ráðsins sé uppfærð reglulega og annast bréfaskipti þess. Starfsmaður svarar fyrirspurnum til menningarráðs, undirbýr fundi ráðsins, ritar fundargerð og framfylgir ákvörðunum ráðsins í samræmi við ofangreinda starfslýsingu. Fjárhagslegar ákvarðanir skulu teknar af menningarráði en þó er starfsmanni heimilt í samstarfi við formann eða framkvæmdastjóra SSNV að taka smærri fjárhagslegar ákvarðanir sem lúta að daglegri starfsemi.

# Tilkynning um verkefnastyrk

Skagaströnd 9. október 2007.

*NN*

Menningarráð Norðurlands vestra þakkar umsókn þína um verkefnastyrk fyrir árið 2007. Alls bárust 50 umsóknir að upphæð rúmar 46 milljónir kr.

Á fundi nefndarinnar, 4. okt. sl., var samþykkt að veita styrki til 41 umsækjanda, alls að upphæð 17.650 þús. kr.

Afgreiðsla umsókna:

***Það er Menningarráði Norðurlands vestra mikil ánægja að úthluta XXX xxxx kr. styrk til xxxxxxxxxxx.***

Meðfylgjandi bréfi þessu er sýnishorn af samningi um verkefnastyrk 2007. Samkvæmt samningi þessum er 50% styrksins greiddur út við upphaf verks og 50% þegar verkefninu er lokið.
Vinsamlegast sendið undirrituðum sem fyrst upplýsingar um forsvarsmann verkefnisins, reikningsnúmer og kennitölu á netfangið menning@ssnv.is.

**Undirskrift samnings og afhending styrkja fer fram á sérstakri úthlutunarhátíð sem haldin verður í dómkirkjunni að Hólum í Hjaltadal, föstudaginn 26. okt. nk., kl. 17.00. Þess er eindregið vænst að fulltrúi/fulltrúar styrkhafa sjái sér fært að mæta.**

Virðingarfyllst.

F. h. Menningarráðs Norðurlands vestra.

Ingibergur Guðmundsson,
menningarfulltrúi,
s. 452 2901 / 892 3080.

## Samningur um verkefnastyrk 2007

Samningsaðilar: Menningarráð Norðurlands vestra, kt. 541292-2419,
og ______________________________________________

**Forsvarsmaður verkefnisins**:
Forsvarsmaður verkefnisins er ______________________________
og ber hann ábyrgð á framkvæmd verkefnisins gagnvart Menningarráði Norðurlands vestra.

**Verkefnið**:
Lýsing á verkefninu fylgdi umsókn til Menningarráðs og ábyrgist forsvarsmaður að verkefnið svari til lýsingarinnar og að framvinda verk- og fjárhagsáætlunar verði með þeim hætti sem þar er lýst. Stuðningur Menningarráðs Norðurlands vestra við verkefnið er bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess verði í samræmi við lýsingu og áætlanir.

**Greiðsluáætlun og skilmálar**:
***Menningarráð Norðurlands vestra veitir verkefninu styrk að upphæð kr.*** __________ ***sem greiðast mun í tvennu lagi á reikning verkefnisins***: __________
kt. ______________________ __________

Fyrri greiðslan, 50%, er greidd við upphaf verks og seinni greiðslan þegar verkefninu er lokið. Áður en seinni greiðslan verður lögð inn þarf að skila stuttri greinargerð um stöðu, framkvæmd og kostnað verkefnisins.
Ef ekkert verður af verkefninu er styrkur Menningarráðs Norðurlands vestra afturkræfur. Verði verulegar breytingar á verkefninu, án þess að haft hafi verið samband við Menningarfulltrúa Norðurlands vestra, er styrkurinn afturkræfur að hluta eða öllu leyti. Styrkhafi skal ábyrgjast að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins, notkun heimilda svo og öðrum þáttum sem tilheyra verkefninu. Jafnframt hvílir á honum fjárhagsleg ábyrgð um bókhalds- og framtalsskyldu og hefur Menningarráð aðgang að bókhaldi verkefnisins ef þess er óskað.

**Kynning**:
Í kynningarefni verkefnisins og við aðra kynningu skal stuðnings Menningarráðs Norðurlands vestra ávallt getið.

**Samskipti:**
Menningarfulltrúi Norðurlands vestra sér um samskipti við styrkþega fyrir hönd Menningarráðs Norðurlands vestra, símar: 452 2901 / 892 3080, netfang: menning@ssnv.is.
Þá áskilur Menningarráð sér 2 boðsmiða á viðburði sem ráðið hefur styrkt. Skulu þeir sendir til menningarfulltrúa með góðum fyrirvara.

Staður ______________________ Dags.: ______ 2007

**F.h. Menningarráðs Norðurlands vestra** **F. h. styrkhafa**

______________________________ ______________________________

# Menningarráð

# Norðurlands vestra

## Ársreikningur 2007

Menningarráð Norðurlands vestra
Bjarnanesi
545 Skagaströnd

Kt. 601107-3170

# Skýrsla og áritun stjórnar

Menningarsjóður Norðurlands vestra var stofnað á árinu 2007 og er það samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir menningarmál og hefur meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæði sínu, að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og úthluta fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra.

Hagnaður varð af rekstri ráðsins á árinu að fjárhæð 9.091,0 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé ráðsins nam í árslok 9.091,0 þús. kr.

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra staðfestir hér með ársreikning ráðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Hvammstanga 13. mars 2008.

Í stjórn félagsins:

Guðrún Helgadóttir
Björn Magnússon
Adolf H. Berndsen
Pétur Jónsson
Bjarni Kr. Þórisson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra.

**Inngangur**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ráðsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi lög um ársreikninga.

Sauðárkróki 13. mars 2008.

*KPMG hf.* Ragna Hrund Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Menningarráðs Norðurlands vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2007 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 13. mars 2008.

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Framlag ríkissjóður | | 30.000.000 |
| | 2 | 30.000.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Styrkveitingar | | 17.650.000 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 1.709.645 |
| Stjórnunarkostnaður | 5 | 2.019.971 |
| | | 21.379.616 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | | 8.620.384 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | |
| Vaxtatekjur | | 525.884 |
| Fjármagnstekjuskattur og vaxtagjöld | | ( 55.228) |
| | | 470.656 |
| **Niðurstaða ársins** | 6 | 9.091.040 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

## Eignir

| | Skýr. | 2007 |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | |
| Handbært fé | | 17.157.227 |
| Veltufjármunir samtals | | 17.157.227 |
| **Eignir samtals** | | 17.157.227 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2007 |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | |
| Eiginfjárreikningar | | 9.091.040 |
| Eigið fé samtals | 6 | 9.091.040 |
| **Skammtímaskuldir:** | | |
| Ógreiddir styrkir | | 7.675.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 202.745 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 188.442 |
| Skuldir samtals | | 8.066.187 |
| | | 8.066.187 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 17.157.227 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

| | Skýr. | 2007 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | 6 | 9.091.040 |
| Veltufé frá rekstri | | 9.091.040 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 8.066.187 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 8.066.187 |
| Handbært fé frá rekstri | | 17.157.227 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 17.157.227 |
| **Handbært fé í árslok** | | 17.157.227 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## Starfsmannamál

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2007 |
|---|---|
| Laun | 1.421.109 |
| Lífeyrissjóður | 151.022 |
| Tryggingagjald | 109.876 |
| Annar starfsmannakostnaður | 27.638 |
| | 1.709.645 |

4. Á tímabilinu september til desember starfaði að meðaltali einn starfsmaður hjá félaginu. Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu alls 1,4 millj. kr.

## Stjórnunarkostnaður

5. Stjórnunarkostnaður greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Ökutækjastyrkur | 485.422 |
| Gjaldfærður búnaður og rekstur tölvukerfa | 441.439 |
| Auglýsingar og styrkir | 364.967 |
| Fundar- og ferðakostnaður | 319.641 |
| Þátttaka í rekstrarkostnaðir SSNV | 167.000 |
| Húsaleiga | 140.000 |
| Annar kostnaður | 101.502 |
| | 2.019.971 |

## Eigið fé

6. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | |
|---|---|
| Niðurstaða ársins | 9.091.040 |
| Staða 31.12.2007 | 9.091.040 |

**Skýringar, frh.:**

## Önnur mál

7. Þann 1. maí 2007 var undirritaður samningur, um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál, af menntamálaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og sveitarfélögunum á Norðurlandi vestra. Samkvæmt samningnum skulu framlög ríkisins vera að lágmarki 30 millj. kr. árið 2007, 32 millj. kr. árið 2008 og 33 millj. kr. árið 2009. Menningarráð úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra á grundvelli umsókna. Samningurinn gildir til ársloka 2009 en heimilt er að framlengja hann um tvö ár að loknu árangursmati sem fram skal fara vorið 2009.

# Sundurliðanir

| | 2007 |
|---|---|
| **Stjórnunarkostnaður:** | |
| Ökutækjastyrkur | 485.422 |
| Auglýsingar | 355.067 |
| Fundakostnaður | 316.241 |
| Gjaldfærður tölvubúnaður | 240.700 |
| Þátttaka í rekstrarkostnaðir SSNV | 167.000 |
| Húsaleiga | 140.000 |
| Rekstur tölvukerfis | 120.545 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 80.194 |
| Ritföng, pappír og bréfabindi | 46.983 |
| Sími | 37.138 |
| Bækur, tímarit og blöð | 13.520 |
| Styrkir og framlög | 9.900 |
| Flutningskostnaður | 3.191 |
| Ferðakostnaður | 3.400 |
| Póstburðargjöld | 670 |
| | 2.019.971 |